

ÞG-verk sér um fyrsta áfanga Stekkjaskóla



Frá byggingarsvæðinu þar sem Stekkjaskóli mun rísa.

Fyrir í mánuðinum var skrifað undir verksamning við ÞG-verk um byggingu á Stekkjaskóla í Bjarkarlandi. Verkið felst í byggingu fyrsta áfanga nýs skóla í Bjarkarlandi á Selfossi. Byggingin er í nýju hverfi sem er í uppbyggingu sunnan við núverandi byggð á Selfossi. Byggingin er steipt, tvær hæðir auk kjallara/lagnagangs og er fyrsti áfangi 2500m² að

grunnfleti. Mannvirkið er klætt að utan, með steyptri loftaplötu og viðsnúnu þaki. Verkið felst í uppsteypu og fullnaðarfrágangi hússins bæði úti og inni. Verkinu á að vera lokið í lok júní 2022 og kennsla að hefjast í nýjum glæsilegum skóla haustið 2022. Fjögur verktakafyrirtæki gerðu tilboð í verkið og hljóðaði tilboð ÞG-verks upp á rúmlega 1.960 milljónir króna. Ístak bauð

rúmlega 1.981 milljónir króna, ÍAV rúmlega 1.994 milljónir króna og Flotgölf efh rúmlega 2.150 milljónir króna.

Mikil ánægja er með að hafa náð samningum við ÞG-verk sem er þaulreyndur verktaki. Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar stýrir verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins og hefur undirbúningur gengið vel.

Ágæt rekstrarniðurstaða hjá Bláskógabyggð

Ársreikningur Bláskóga-byggðar hefur verið afgreiddur af sveitarstjórn. Helgi Kjartansson, oddviti, segir að þrátt fyrir að horfur í rekstri sveitarfélagsins í upphafi COVID faraldursins hafi ekki verið góðar, hafi tekist að skila ársreikningi með afgangi upp á 61,1 milljón króna og afgangur verið bæði af A- og B-hluta sveitarsjóðs. Hann bendir á að útsvarstekjur hafi lækkað á milli ára, enda sé ferðabjónusta ein stærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu, og atvinnuleysi verið 10 til 14% frá því að faraldurinn hófst. Hlutabótaleiðin og aðrar stuðningsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi gert það að verkum að ekki varð enn meiri lækun



Frá Laugarvatni.

á útsvarstekjum en raun varð. Einnig hafi stuðningur ríkisins við sveitarfélög skilað hærri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en gert hafi verið ráð fyrir, auk þess sem aðhalds hafi verið gætt í rekstri.

Sveitarfélagið réðist í all-nokkrar fjárfestingar á síðasta ári og er þar helst að nefna lagningu ljósleiðara, endurbætur á fráveitu, gatnagerð og endurbætur á húsnaði grunnskólanna á Laugarvatni og í Reykholti. „Nú sér fyrir endann á lagningu ljósleiðara í dreifbýli í Bláskógabyggð, sem er mikilvægur áfangi, og tryggir íbúum betri fjarskipti og eykur samkeppnishæfni sveitarfélagsins,“ segir Helgi Kjartansson og kveðst bjartsýnn á framtíð sveitarfélagsins, talsverð eftirspurn sé eftir lóðum og sérlega ánægjulegt að uppbygging eigi sér einnig stað hjá fyrirtækjum. Slíkt skapi fleiri störf og geri svæðið eftirsóknarvert.



Sunnulaekjarskóli á Selfossi.

Árborg fær styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla

Á fundi fræðslunefndar miðvikudaginn 19. maí sl. var kynning á styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að upphæð ríflega 1,2 milljónir sem Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar fær á næsta skólaári í nokkur starfsþróunarverkefni innan grunnskóla sveitarfélagsins. Í samtali við Þorstein Hjartarson, sviðsstjóra Fjölskyldusviðs kom fram að hugmyndir að starfsþróunarverkefnunum hafi komið frá kennurum og skólastjórnendum grunnskólanna í Árborg.

Fjölbreytt verkefni sem styrkja gott starf

„Verkefnin eru fjögur og taka á ýmsum þáttum innan skóla-samfélagsins. Þarna má finna verkefni sem ber titilinn Eitt sveitarfélag – eitt lærdóms-samfélag. Innan þess er lögð áhersla á að efla kennara í sveitarfélaginu til samvinnu. Þá fá nemendur og kennarar tækifæri til þess að sjá leiðir

og verkefni jafnaldra úr öðrum skólum. Þetta er hugsað til þess að tengja saman alla grunnskóla sveitarfélagsins.

Þá hlaut verkefnið Skapandi skólastarf einnig styrk, en list- og verkgreinakennarar og aðrir áhugasamir, koma að samþættingu námsgreina. Styðja við námskvót nemenda og efla frjóa hugsun í skólastarfinu. Það þriðja er tengt upplýsingatækni í grunnskólum Árborgar. Verkefnið er í formi námskeiðs sem ætlað er að efla upplýsingatækni og kennsluhætti tengda henni í skólunum. Þá verður lagt upp úr því að efla og virkja samstarf milli skólanna í þessum málum. Fjórða og síðasta verkefnið er svo kallað Frímínútur í vináttu og gleði. Þar er um framhaldsverkefni að ræða sem unnið hefur verið að áður. Þarna er lögð áhersla á að efla góðan anda, vináttu og samskipti milli nemenda í frímínútum,“ segir Þorsteinn.

-gpp

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Sunnlendingar fá Landgræðsluverðlaunin 2021

Árni Bragason landgræðslustjóri afhenti nýlega Landgræðsluverðlaunin 2021. Þau eru afhent einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum sem hafa þótt sýna góðan árangur við landgræðslu og landbætur og voru fyrst afhent 1990. Verðlaunahafar þetta árið eru Skútustaðahreppur, Bláskógaskóli og Menntaskólinn að Laugarvatni og bændur á Stóru-Mörk III undir Vestur-Eyjafjöllum.

Bláskógaskóli og Menntaskólinn að Laugarvatni – Langimelur

Verkefnið við Langamel hófst árið 2016. Umhverfisnefnd ML frétti af verkefni Landverndar um vistheimt með skólum og vildi vera með í því. Nefndin ákvað að taka fyrir uppblásið svæði sem næst skólanum og fékk leyfi til að hefja uppgræðslu á Langamel. Langimelur er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Laugarvatni, við gamla Lyngdalsheiðarveginn og vegarlóði er upp að honum.

Svæðið er að hálfu innan skógræktargirðingar og því ákjósanlegt til að rannsaka áhrif beitar báðu megin girðingar. Nemendur í jarðfræði settu upp tilraunareiti með hjálp Landverndar og nemendur unnu með þá í nokkur ár.

Árið 2018 sást greinilega að svæðinu í kringum reitina hafði



Bændur í Stóru-Mörk III taka við verðlaunagripnum. F.v. Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir, Eyvindur Ágústsson, Ragnheiður Elín Eyvindsdóttir, Ragna Aðalbjörnsdóttir, Ásgeir Arnason og Árni Bragason landgræðslustjóri.

hrakað mikið yfir veturinn. Umhverfisnefndin ræddi þá við Hrein Óskarsson og Trausta Jóhannsson í Skógrækt ríkisins um að hjálpa til við að skipuleggja hertar aðgerðir á öllu svæðinu. Eins var grunnskólanum á Laugarvatni boðið að koma í samstarf um þetta stóra verkefni og hefur Guðni Sighvatsson verið þar fremstur í flokki.

Aðstandur verkefnisins fengu styrk frá sveitarfélaginu til að byrja uppgræðsluna. Svæðinu var skipt upp í aðgerðarsvæði og í maí 2019 var hafist handa við að setja niður birki á fyrsta hlutann ásamt því að sá grasfræi og hvítmára og gefa áburð. Verkefnið fékk styrk frá Landsbankanum til áframhaldandi aðgerða 2020 og 2021.

Hingað til hafa nemendur plantað 1420 birkitrjá, gefið 425 kg af áburði, sáð 50 kg af gras- og smárafræjum og sett 1 gamla heyrúllu í rofabarð.

Áframhaldandi aðgerðir halda áfram í maí 2021 og um ókomna framtíð ef fjármagn fæst til verkefnisins.

Bændur Stóru-Mörk III, sannir landgræðslubændur

Bændur í Stóru-Mörk III undir Vestur-Eyjafjöllum og bændur á Merkurbæjunum voru afar afkastamiklir á árunum eftir þjóðargjöfina við að græða upp víðfeðm rofabörð á jörðum sínum í samstarfi við Landgræðsluna og Merkurbændur þar jafnan fremstir í flokki. Þeir beittu sér einnig fyrir gerð varnargarða

við Markarfljót en það hafði um margra áratuga skeið brotið land jarðanna í Mörk.

Þeir tóku virkan þátt í samningaferlinu um beitarfriðun Almenninga, sem hófst 1985 og lauk 1990 með samningi við Landgræðsluna. Þar með var allt Þórsmerkursvæðið beitarfriðað. Merkurbændur hvöttu einnig sveitarstjórn til að leggja framlag á mót Landgræðslunni vegna uppgræðslu og gróðurbóta á þessum afreittum. Framlagið sýndi vel áhuga heimafélks á vernd og endurheimt landkosta og gerði það m.a. Landgræðslunni kleift að beitarfriða allt Þórsmerkursvæðið með því að girða á landi þeirra úr Jökulsárlóni og í Markarfljót.

Bændur í Stóru-Mörk III

voru einnig í framvarðasveit Merkurbænda sem í kjölfar öskufalls úr Eyjafallajökli árið 2010 hófu uppgræðslu í samstarfi við Landgræðsluna á jökuláurum í Merkurnesi og allt inn að Gígjökli. Uppgræðslan batt gjóskuna og kom þar með í veg fyrir að askan bærist yfir byggðirnar beggja megin við Markarfljót. Bændurnir á Merkurbæjunum, í samstarfi við Landgræðsluna, girtu varnargirðingu í heimalandi þeirra úr Markarfljóti og upp í fjalllendið til að friða þessar uppgræðslur fyrir beit og gera þær öflugri til að takast á við næsta öskufall og náttúruhamfarir. Nú er víði- og birkigróður að nema þarna land sem gerir viðnámsþrótt landsins enn öflugri.



Árni Bragason afhendir Heiðu Gehringer frá Menntaskólanum að Laugarvatni, Guðna Sighvatssyni frá Bláskógaskóla og hópi nemenda Landgræðsluverðlaunin.

Ingveldur í 4.-5. sæti

Vinum saman að
bættum
búsetuskilyrðum!

Tökum þátt í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins þann 29. maí





Betri lausnir fyrir þitt fyrirtæki

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma í viðskipti til Íslandsbanka. Með nýrri fyrirtækjalausn á islandsbanki.is geta fyrirtæki á einfaldan og fljótlegan hátt sótt sér allar helstu þjónustur með nokkrum smellum.

- Stofnað reikninga
- Fyrirtækjaapp
- Pantað kreditkort
- Stofnað netbanka
- Innheimtupjónusta
- Rafrænir reikningar

Góð þjónusta breytir öllu

Tölum um staðreyndir og förum rétt með



Arna Ír Gunnarsdóttir



Eggert Valur Guðmundsson



Helgi S. Haraldsson



Sigurjón Vídalín Guðmundsson



Tómas Ellert Tómasson

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa farið mikinn í fjölmiðlum að undanförmu í tilraun til að sýna fram á aðhaldsleysi í rekstri Sví. Árborgar. Í liðinni viku birtust slíkar greinar þeirra í Morgunblaðinu og í Dagskránni. Einnig birtist í Fréttablaðinu frétt á sama veg, þar sem fréttamaður hafði verið mataður á röngum upplýsingum. Blaðamaðurinn birti afsökunarbeiðni í Fréttablaðinu daginn eftir og þaðst velvirðingar á því sem hann hafði eftir D-listamönnum í Árborg.

Það er eitt að rita grein með röngum upplýsingum og setja nafn sitt undir en allt annað að mata fréttamenn með ósannindum. Fréttamenn verða að fara með réttar upplýsingar en í greinum sínum geta greinarhöfundar farið rangt með á eigin ábyrgð. Hér verður reynt að rétta af staðreyndahalla D-listans og greiða úr óreiðu í málflutningi þeirra.

Listin að gjaldfella sinn eigin málflutning

Meðvitað eða ómeðvitað hafa bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins beitt þeirri list ítrekað á þessu kjörtímabili að gjaldfella sinn eigin málflutning. D-lista-fólk fer hamförum í fjölmiðlum og segir óásættanlegt að auka skuldirnar, vegna fjárfestinga sem eru tilkomnar vegna aukinnar þjónustu við þann fjölda fólks sem flutt hefur í sveitarfélagið undanfarin ár, fjárfestingar í íþróttahúsi, leikskóla

og veitukerfum. Á sama tíma eru þau tilbúin til að skuldsetja sveitarfélagið upp á nærri hálfan milljarð, fyrir bílastæðahús í einkaframkvæmd.

Höldum okkur við staðreyndir

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur ár hvert saman helstu þætti ársreikninga sveitarfélaga landsins. Þar kemur fram að 21 sveitarfélag er skuldsettara en Sví. Árborg ef litið er til skulda á hvern íbúa. Dæmi um sveitarfélög sem eru ofar á listanum eru Reykjavíkurborg, Hafnarfjörður, Akureyri, Fjarðabyggð og Hveragerðisbær. Þrátt fyrir fordæmalaugar fjárfestingar í innviðum eru skuldir Árborgar í dag svipaðar og árið 2015.

Skuldir sveitarfélaga landsins hafa almennt hækkað töluvert á milli árána 2019 og 2020 vegna áhrifa kórónuveirunnar. Hjá Sví. Árborg er skuldaaukningin hinsvegar að mestu tilkomin vegna nauðsynlegra fjárfestinga og er aukning skuldanna nánast á pari við aukningu eigna í íþróttahúsi, leikskóla og veitukerfum.

Það er beinlínis villandi framsetning hjá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins að setja fram tölur og halaklippt sülurit sem sýna aukningu í tekjum, skuldum og stöðugildum án þess að taka tillit til íbúafjölda. Fæstum dettur í huga að bera 8.000 manna sveitarfélag saman við 10.000 manna sveitarfélag án tillits til íbúafjölda.

Hag- og upplýsingadeild Sambands íslenskra sveitarfé-

laga hefur nýverið lýst miklum áhyggjum af því hve mikið fjárfestingar sveitarfélaga drögust saman á síðasta ári. Það er þeirra mat að miðað við stöðuna í þjóðarþýskapnum hefði verið nauðsynlegt að bæta verulega í fjárfestingar. Ef öll sveitarfélög hefðu árið 2020 verið rekin á þann hátt sem minnihlutinn í Árborg hefur viljað gera þá væri enn þyngra hljóðið í Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðherra landsins sem talaði fyrir hinu gagnstæða allt síðastliðið ár.

Með virðingu og vinsemd

Það væri óskandi að bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hættu að þyrlla upp svo miklu ryki að byrgir þeim sjálfum sýn. Við, bæjarfulltrúar meirihlutans í Sví. Árborg, setjum hér fram þá ósk að þeir hætti að bera fram rangar og villandi upplýsingar um málefni sveitarfélagsins, á landsvísu og innan sveitarfélags. Slíkt er ekki sveitarfélaginu eða íbúum þess til gagns og tæplega D-listanum heldur, þegar upp er staðið.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista

Helgi S. Haraldsson, B-lista

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Á-lista

Tómas Ellert Tómasson, M-lista



Það er mér heiður að fá áskorun í þennan skemmtilega dagskrárlið. Það er ekki nógu oft sem maður sýnir metnað í starfi þegar í eldhúsið er komið, en flestir réttir sem ég er ánægður með þegar það gerist byggja á sama hráefninu. Það er auðvitað fæða guðanna, kjúklingur. Mig langar að deila með ykkur uppskrift að frábærri mexíkóskri kjúklingasúpu. Uppskriftn er sögð fljótleg, þó það sé ekki mín upplifun þá er súpan alveg frábær.

Mexíkósúpan

- 3-4 msk. ólífuolía
- 3-4 kjúklingabringur
- 3 rauðar paprikur
- 1 blaðlaukur
- 1-3 msk. karrý
- 1-3 stk. hvítlausrif
- 2 flöskur Heinz chillí-sósa
- 400 g hreinn rjómaostur
- 500 ml matreiðslurjómi
- 1 lítri vatn,
- í lagi að bæta aðeins í það Cayenne-pipar
- Salt og pipar
- kjúklingakraftur

Aðferð

Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið á pönnu með salti og pipar, setjið á disk til hiðar. Skerið grænmetið smátt. Hitið olíu í stórum potti ásamt karrý. Bætið grænmetinu út í pottinn og mýkið. Látið chillí-sósuna, rjómaostinn, matreiðslurjómann, krydd og kjúklingakraft út í pottinn



ásamt vatni. Látið malla í 15 mínútur. Setjið kjúklinginn saman við og bætið meira vatni ef þörf er á. Smakkið til með kryddi.

Meðlæti

Með súpunni er nauðsynlegt að bera fram sýrðan rjóma, rifinn ost úr Flóanum og Nachos-flögur. Það er líka gott að hafa eitthvað vandað brauð frá strákunum í GK bakarí eða sambærilegt.

Ég skora á vin minn úr handboltafjölskyldunni sem Selfoss handbolti er, Örn Þrastarson. Hann er bestur í flestu sem hann tekur sér fyrir hendur. Ég hef ofurtrú á því að hann komi með nýja sýn á eldhúsið.

Skorað er á Örn Þrastarson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Listasýning á verkum nemenda Sunnulækjarskóla

Listasýning nemenda Sunnulækjarskóla stendur yfir í Listagjanni í Bókasafni Árborgar frá 29. maí til 6. júní. Verkin eru unnin í valfögunum *grafísk hönnun* og *myndlist*.

Í grafískri hönnun útbjuggu nemendur bókverk tengd áhugamálum sínum og myndskreyttu, hönnuðu leturgerð, uppsetningu og útlit. Einnig æfðu þeir sig í hreyfimyndagerð, gerð vöru-

merkja (lógóa) og fleira. Í myndlist prófuðu nemendur sig áfram með mismunandi efni og áhöld tengd listsköpun svo sem vatns-málningu, acryl pour, string art, leir og model-teikningu. Auk þess unnu nemendur verk út frá áhugasviði sínu þar sem þeir fóru í gegnum sköpunarferli frá hugmynd að loka útkomu.

Verið velkomin í listagjána að skoða verk nemenda.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyrahegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjórn: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyrahegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum.
Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

*Lafrana ég lögð er á.
Ég laga stundum slæma bögu.
Liðamótum ég leynist hjá.
Við Lúther er ég kennd í sögu.*

Svar við gátu í blaði 2598: SKÁL.
1. lína: Þvottaskál - 2. lína: Matarskál
3. lína: Gvendarskál - 4. lína: Undirskál

GUÐRÚN Í FYRSTA SÆTI

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi fer fram þann 29. maí. Kjósum manneskju með þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu. Kjósum Guðrúnu Hafsteins í fyrsta sæti.

Kynntu þér framboðið frekar inni á gudrunhafsteins.is.

Eflum Suðurkjördæmi



ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

f Erum á Facebook

Sólborg Ósk Kragh
GARDYRKJUFRAEDINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com



Tillaga að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2021

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs auglýsir til kynningar tillögu að breytingum á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, á grundvelli 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

Í breytingatillögunni eru einungis tekin fyrir afmörkuð atriði, þar sem heildarendurskoðun áætlunarinnar stendur fyrir dyrum.

Tillagan er aðgengileg á vef þjóðgarðsins, www.vjp.is frá 21. maí til og með 9. ágúst 2021 og eru áhugasamir hvattir til að kynna sér efni hennar. Athugasemdir skulu sendar eigi síðar en 9. ágúst 2021 í gegnum hlekk á vef þjóðgarðsins (www.vjp.is) eða í bréfpósti á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ.

Tillagan verður kynnt á eftirfarandi veffundum og má nálgast tengla á þá fundi á vef og Facebook-síðu Vatnajökulsþjóðgarðs:

- **Vestursvæði:** Mánudagurinn 31. maí kl. 17
- **Þjóðgarðurinn í heild - almenn ákvæði:** Þriðjudagurinn 1. júní kl. 17
- **Austursvæði:** Miðvikudagurinn 2. júní kl. 17
- **Norðursvæði:** Fimmtudagurinn 3. júní kl. 17
- **Suðursvæði:** Mánudagurinn 7. júní kl. 17

Upptökur frá kynningarfundum verða aðgengilegar á vef þjóðgarðsins á kynningartíma tillögunnar. Frekari upplýsingar um tillöguna má nálgast hjá verkefnastjóra: johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is.

Verið velkomin í Vatnajökulsþjóðgarð!

Halldór Kiljan er langbestur

-segir lestrarhesturinn Gylfi Þorkelsson

Gylfi Þorkelsson er Laugvetningur búsettur á Selfossi. Hann er íslenskukennari og hefur starfað við Fjölbautaskóla Suðurlands undanfarna tæpa þrjá áratugi, síðustu ár eingöngu í fangelsunum á Litla-Hrauni og Sogni, og stýrir skólastarfi þar meðfram kennslu.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er núna með þrjár í takinu. Fyrsta skal telja *Drauma og veruleika*, sögu Kommúnista- og Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins eftir Kjartan Ólafsson. Ég hef áhuga á stjórnmálum og þetta er lykilrit í íslensku stjórnmálasögu. Svo grip ég inn á milli í tvær aðrar, *Óhreinu börnin hennar Evu*, sögu holdsveiki í Noregi og á Íslandi eftir Erlu Þórdísi Halldórsdóttur og *Ekkert að fela – Á slóð Samherja í Afríku*, eftir þá Helga Seljan, Aðalstein Kjartansson og Stefán Drengsson. Afar forvitnilegt efni allt saman.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég les flest sem ég kemst í tæri við, þó hreint ekki allt. Í seinni tíð hafa ævisögur og sagnfræðilegt efni átt vísan stað á náttúru- og minni. Sérstaklega ævisögur skálda og rithöfunda; Laxness, Stephans G., Einar Ben., Guðmundar Böðvarssonar, Jóhanns Sigurjónssonar, Hannesar Hafstein o.s.frv. Jakobínu var ég að klára um daginn. Þetta finnst mér frábært lesefni. Svo les ég skáldsögur. Og auðvitað ljóðabækur, kaupir og les eins mikið og ég get af því sem út kemur. Íslendingasögurnar les ég reglulega. Dreg eina og eina úr hillu þegar ég er „á milli bóka“. Árbók ferðafélagsins. Lands- og náttúruhættir heilla. Hófastressuna, Stóðhestabókin er fastur liður á vorin o.s.frv. En ég les ekki glæpasögur. Ég neyddist til að lesa eitthvað af þeim þegar samkennarar settu það á leslista nemenda, en hef forðast það eftir megni. Það er nóg af slíkum formúlum í

sjónvarpinu, ef maður glæpist á að setjast fyrir framan það.

Ertu alinn upp við lestur?

Ég las og las og las og las alla mína æsku og unglingsár. Það finnst mér alla vega þegar ég lít til baka. Það var lesið mikið fyrir mig og okkur systkinin. Mamma sá um það að mestu. Og söng kvæði og sálma fyrir svefninn. Hún hélt mjög að okkur bókum og kveðskap. Og mikilvægi þeirrar skólagöngu og menntunar sem hún sjálf hefði gjarnan viljað geta notið meira af. Ég get til dæmis nefnt *Söguna hans Hjalta litla* eftir Stefán Jónsson, *En hvað það var skýtið* og *Vísabókina*. Mjög áhrifamikil efni í minningunni. Sömu leiðis *Elsku Mío minn* og *Leikur að stráum* eftir Gunnar Gunnarsson fannst mér skemmtileg. Við fengum bækur í jólagjöf, undantekningarlaust. Hulda Björk, elsta systir mín, sem er einstök á heimsvísu, gaf okkur líka bækur í jólagjöf, alla vega okkur „litlu strákunum“. Þá var lesið mestalla nóttina, allt jólafríð.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég les í skorpum. Í æsku glepti ég í mig bóka-flokka. *Hjalta litla* sem nefndur var, *Árna í Hraunkoti*, *Múmínálfana*. Enid Blyton, allt galleríð.

Síðan Alistair MacLean, Desmond Bagley og fleira slíkt. Ég prófaði að kíkja í Blyton síðar, var jafnvel að hugsa um að ýta því að mínum börnum, en hætti snarlega við. Það efni eldist illa. Það sama er enn uppi á teningnum. Skorpulestur. Ég lýk bókum yfirleitt á stuttum tíma ef þær vekja áhuga minn. Nema ef til vill stórvirkjum sem ekki verða tekin með áhlaupi, eins og sú sem ég er að lesa núna. Svo les ég kannski ekkert um mislög skeið, aðallega vegna tímaskorts.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Halldór Kiljan ber höfuð og herðar yfir aðra rithöfunda. Enginn skáldsagnahöfundur



Gylfi Þorkelsson.

kemst nálægt honum í mínum huga. Hann hafði yfirburðahæfileika við persónusköpun og samfélagslýsingar. Og textinn sjálfur, ritmálið er slíkt gull og gersemi að unun er að láta augun strjúka línunum, velta setningum á tungu, finna tilfinningar, bragð og lykt orðanna. Þar er allt að finna sem máli skiptir í veröldinni; sorg, gleði, bit, samlíðan, geislandi húmor. Marglaga snilld. Nokkrir aðrir höfundar eru vel læsilegir, til dæmis á Jón Kalmann ágæta spretti. Af ljóðskáldum er Hannes Pétursson í sérstöku uppáhaldi. Og Snorri Hjartarson. Og Jónas. Og Jóhann Sigurjónsson. Nei, nú gæti upptalningin orðið of löng.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Já. *Heimsljós*. Hana las ég fyrst unglingur í jólafríi í menntaskóla, kannski 17 ára. Engin bók hefur haft jafn djúpstæð og langvarandi áhrif á mig, fyrr né síðar. Ég las *Heimsljós* svo árlega í nokkur ár á eftir, alltaf í einni lotu í jólafríinu. Svo hef ég endurnýjað kynnin af *Ljósvíkingnum* reglulega í árunna rás og aldrei orðið fyrir vonbrigðum. Las *Heimsljós* síðast í fyrravetur. Einstakt listaverk.

Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég hef gefið út tvær bækur. Það eru ljóðabækur. En ef ég væri skáld og rithöfundur myndi ég skrifa *Heimsljós* og *Sjálfstætt fólk*. Og *Njálu*. Annars þarf í sjálfu sér ekki að skrifa fleiri bækur, fyrst þessar eru til. Þó það sé auðvitað allt í lagi, ef fólk hefur ekkert annað fyrir stafni.

Lestrarhestur númer 116.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

Sunnlendingar lesa Dagskrána!

Fáðu tilboð í auglýsingarnar.

Sími 482 1944 eða
auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Vilhjálmur Árnason

1. sæti



Ég hef lært að þekkja hjartsláttinn í Suðurkjördæmi. Þess vegna óska ég eftir ykkar stuðningi í 1. sæti.

Ég mun leggja áherslu á:

- Endurreisn atvinnulífsins
- Öfluga heilsugæslu
- Uppbyggingu innviða
- Valfrelsi fjölskyldunnar

Nánar á Villiarna.is

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi
fer fram laugardaginn 29. maí



Stefnir í fimm milljónir trjáplantna í ár

Gróðursetning trjáplantna á jörðum bænda er hafin á Suður- og Vesturlandi. Byrjað var að dreifa plöntum úr gróðrarstöðvum í byrjun mánaðarins. Þó má gera ráð fyrir að margir haldi að sér höndum um sinn vegna viðvarandi næturfrosts.

Dreifing skógarplantna frá gróðrarstöðvum verður í gangi allan maímánuð og jafnvel eitthvað fram í júní. Reiknað er með að í bændaskógum vítt og breitt um landið verði gróðursettar um 2,8 milljónir plantna á þessu sumri og í öðrum verkefnum í þjóðskógum og samstarfsverkefnum Skógræktarinnar verði gróðursettar um 2 milljónir plantna. Ef við þetta er bætt gróðursetningu annarra aðila er ljóst að gróðursetning trjáplantna á Íslandi fer nú yfir

fimm milljóna markið sem ekki hefur gerst frá því nokkru fyrir efnahagshrunið. Það er því mikið um að vera nú á vormánuðum og starfsmenn Skógræktarinnar gera sitt besta til að láta allt ganga upp. Á myndinni að ofan má sjá þrjá spænska verknefna á starfsstöð Skógræktarinnar á Tuma-stöðum í Fljótshlíð taka við plöntusendingu frá Kvistum í Biskupstungum.

Undanfarnar vikur hefur farið fram gæðamat Skógræktarinnar eins og segir frá í annarri frétt hér á skogur.is. Í ljós hafa komið töluverðar skemmdir á plöntum í gróðrarstöðvum, meðal annars vegna frosts, sem þýðir að endurskipuleggja þarf plöntudreifingu. Þetta getur þýtt einhverjar tafir á afhendingu trjáplantna.

† Minningarorð:

Patrekur Jóhann Kjartansson, Búð 1 dáinn 12. 5 '21

Þétt og sterkt handtakið var fyrsta snerting okkar Patreks Jóhanns sem horfði beint í augun á þeim sem hann heilsaði. Það gera alvöru menn og það var ekki eins og hann væri nýlega orðinn 14 ára gamall. Þessar hendur voru þegar orðnar þroskaðar af vinnu og höfðu gert sitt hvað annað en að strjúka skólabækurnar og tölvuborð á stuttri ævi. Ég held að þarna hafi hann löngu verið orðinn bóndinn sem hann ætlaði að verða og flest sem 14 ára unglingar sýsla við löngu farið að þvælast fyrir honum að verða fullorðinn. Skólabækur og skólinn var ekki framtíðin hans. Sterkar hendurnar og sorgarrendur undir nögglum báru vitni um að vinnudagurinn var lengri en skólalagurinn. Hann átti hænur og endur, kindur og hesta sem hann hugsaði um. Gerði út á eggjasölu og stundaði hestamennsku sem listgrein. Hann var í allskonar rekstri og stímabraki og sást oft á Yamaha-hjóli sem hann ferðaðist á og átti sínar einkastundir. PYK. Allt sem hann gerði og sagði var ekki eins og hann væri 14. Patrekur var fenginn til að aðstoða mig við að mála fjárhúsin í Árbæjarhjáleigu. Það kom sér vel þegar þingmaðurinn, vinur

hans steig niður úr plastbáru og var næstum hrapaður niður 8 metra í hlöðuna. En samstarfsmaðurinn var snöggur til og sterkar hendurnar hjálpuðu vini hans að komast upp úr „þingmannsgatinu“. Þarna munaði litlu að þingmaðurinn endaði líf sitt en snarræði kom í veg fyrir það. En það er súrealískt að ég sé nú að fylgja lífgjafanum til hinstu hvílu. Kynni mín af Patreki voru upplifun og ég sá svo margt í fari hans sem minnti mig á sjálfan mig í sveitinni. Í málningarvinnunni sagði hann mér að hann hefði bara gaman af því að þingmaðurinn sækti hann til vinnu fyrir 6 á morgnana. Ég hafði meira gaman af því en hann því sögurnar sem hann sagði mér voru svo skemmtilegar og ísrúntamir á Hellu voru menningarferðirnar okkar. Patrekur var mikill sjálfstæðismaður sem hafði sterkar skoðanir og hann hraunaði óspart yfir allt aumingjaliðið í samfélaginu. Honum fannst sá hópur of stór og gerði lítið annað en að naga blýanta, strjúka lyklaborð og leggja lítið til samfélagsins. Að auki skildi það lið ekkert í því hvernig fólkið í sveitinni ætti að lifa af samkeppni við innfluttar landbúnaðarvörur. Hann var alvöru fullveldissinni og neitaði að drekka kók því



þeir hefðu flutt inn vatn til að framleiða drykkinn úr. Þannig var barn náttúrunnar stefnufastur einstaklingur sem kenndi þingmanninum hvenær ungi haninn myndi sýna hænunum áhuga og hvernig hann aleinn vakti yfir ánum í sauðburðinum. Hann tók á móti nýfæddum lömbunum og hjálpaði þeim fyrstu skrefin í nýju lífi. Patrekur Jóhann skildi gang lífsins langt á undan flestum jafnöldrum sínum og kunni tókin á sjálfbærni lífi náttúrunnar. Patrekur kvaddi okkur umkringdur því lífi sem hann hafði aðstoðað við að koma á legg. Harmur er kveðinn að foreldrum hans og fjölskyldu og við öll dofin af sorg. Stefnufosta og dugnaður Patreks Jóhanns mun verða mér fyrirmynd.

Ég votta Kjartani, Veroniku, börnum og fjölskyldu Patreks Jóhanns hjartans samúð.

Ásmundur Friðriksson.

Bókaverðlaun barnanna afhent í Héraðsbókasafni Rangæinga

Héraðsbókasafn Rangæinga Her samsteypusafn, almennings- og skólasafn. Yfir veturinn hafa börn í Hvolsskóla frá 1. -7. bekk fastan tíma á safninu og flest fá bókasafnsfræðslu.

Þegar nemendur mæta á safnið eru skoðaðar bækur, lesið og spjallað um þær. Unnin eru verkefni í heimagerðum heftum og Mýsla sýslar á skólasafni ásamt því að sýna nemendum á Dewey-kerfið en bókunum á safninu er raðað eftir kerfinu hans.

Nemendur í Hvolsskóla lögðu sín lóð á vogarskálarnar við val á bókaverðlaunum barnanna og völdu bókina *Hetja* eftir Björk Jakobsdóttir í fyrsta sæti, bókina *Orri Óstöðvandi*: bókina hennar *Mögnu Messi* eftir Bjarna Fritzson var í öðru sæti og *Lára lærir að lesa* eftir Birgittu Haukdal í þriðja sæti. *Dagbók Kidda klaufa*: *Snjóstríðið* eftir Jeff Kinney var hlutskörpust þýddra bóka, *Fótbolti: Meistarataktar* eftir Rob Colson var í öðru sæti og Hvolpurinn sem gat ekki sofið eftir Holly Webb í því þriðja.



Hvorki fleiri né færri en 128 nemendur tóku þátt og Margrét skólabókavörður dró út þrjá heppna þátttakendur. Að þessu sinni voru hin heppnu Fanndís Lilja Lárusdóttir í 5. bekk, Bjarki Þorbjörn Sigurðsson í 2. bekk og Sóley Magnea Erpsdóttir í 1. bekk og fengu þau bókina 20 merkilegir könnuðir sem breyttu

heiminum að gjöf. Við sendum öllum þátttakendum, okkar bestu þakkir fyrir hjálpinu við valið.

Starfsmenn bókasafnsins og kennarar Hvolsskóla tóku höndum saman um sumarlestur þetta árið. Hægt er að skrá sig í Sumarlestur 26. maí – 03. júní í Héraðsbókasafni Rangæinga.



Styrkja Rauða krossinn

„Það er alltaf þakkarvert þegar börnin hugsa til okkar og leggja á sig vinnu til þess að styrkja starfið,“ segir Steinunn Þorfinnsdóttir hjá Rauða krossinum í Hveragerði. Samtals söfnuðu börnin 9.981,- krónu. Það voru þau

Röskva María Daníelsdóttir, Mínerva Marteinsdóttir og Aron Helgi Eiríksson sem stöðu að hlutaveltunni. „Við færum þessum frábæru og framtakssömu krökkum hinar bestu þakkir,“ segir Steinunn að lokum.

GERUM BETUR Í SUÐURKJÖRDÆMI

Björgvin
Jóhannesson

Í 3. sæti

GERUM BETUR

- Skerðum ekki lífeyri fólks sem vill vinna
- Góðar samgöngur eru forsenda velferðar
- Fleiri skurðstofur – færri biðstofur
- Einföldum kaup á fyrstu íbúð
- Gerum eigin atvinnurekstur eftirsóknarverðan fyrir ungt fólk
- Fáum fleiri að borðinu í heilsutengdri þjónustu

Tökum þátt
– tryggjum Björgvin
í þriðja sætið!
29. maí

2.

Á staðnum með fólkinu

Ásmundur í 2. sæti.

Íþróttir



Bikarmeistarar í 1. flokki. Ljósmyndir: Umf. Selfoss

Tveir bikarmeistaratitlar á Selfoss

FIMLEIKAR Um helgina fór bikarmót í hópímleikum fram í Ásgarði í Garðabæ. Fimleika-deild Selfoss átti þrjú lið á mótinu.

Lið KK eldri keppti á föstudag og stóðu strákarnir, sem eru á aldrinum 10-14 ára, sig vel á mótinu og uppskárú fjórða sæti.

Á hvítasunnudag kepptu 1. flokkur stúlkna og 1. flokkur mix og gerðu báðir hópar sér lítið fyrir og sigruðu sinn flokk og eru því bikarmeistarar 2021.

Mix liðið er afar ungt og efnilegt, skipað stúlkum og drengjum á aldrinum 13-18 ára. Liðið sigraði lið Hattar frá Egilsstöðum með 0,8 stiga mun. Þau hafa bætt töluvert við erfiðleika sinn frá síðasta tímabili og er gaman að sjá hvað þau hafa vaxið.

Stúlknaðið Selfoss sýndi mikinn karakter í afar harðri keppni. Þær sýndu glæsilegar æfingar á öllum áhöldum og uppskárú sigur, 0,95 stigum á undan liði Gerplu sem hafnaði í öðru sæti.

Liðið er skipað stúlkum á aldrinum 14-17 ára. Þetta er í annað skiptið sem 1. flokkur stúlkna frá Selfossi hlýtur bikarmeistaratitil en sá fyrri kom fyrir ellefu árum og er því búið að bíða lengi eftir honum.

Titlarnir tveir eru stórsigur fyrir fimleikadeild Selfoss því þrátt fyrir aðstöðuleysi deildarinnar sem er farið að há starfinu all verulega er árangurinn eftirtektarverður. -Umf. Selfoss/sóh

Þór og Egill Íslandsmeistarar

JÚDÓ Selfyssingar kræktu í tvo titla á Íslandsmeistaramótinu í júdó sem var haldið í íþróttahúsinu í Digranesi í Kópavogi sunnudaginn 16. maí.

Alls voru ellefu Íslandsmeistarar krýndir og meðal þeirra voru Selfyssingarinn Þór Davíðsson í +100 kg flokki sem vann sinn fimmta titil og Egill Blöndal -90 kg flokki en hann vann sinn sjötta titil og þann fjórða í röð.

Júdódeild Selfoss sendi sex keppendur til leiks, sem allir komust á verðlaunapall og var árangur Selfyssinga glæsilegur.

Hrafn Arnarsson í -100 kg flokki og Böðvar Arnarson í -90 kg flokki urðu í öðru sæti. Breki Bernharðsson í -81 kg flokki og Jakub Tomczyk í -73 kg flokki urðu í þriðja sæti. Árangur var vonum framar miðað við aðstæður þar sem æfingar hafa verið takmarkaðar meira og minna undanfarið vegna samkomutakmarkana af völdum heimsfaraldursins.

Þór keppti til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn við Karl Stefánsson frá Akureyri sem er öflugur þungavigtari en Þór stóð



Þór og Egill, Íslandsmeistarar á efsta þrepi. Ljósmyndir: Umf. Selfoss



uppi sem sigurvegari eftir vel útfærða glímu.

Egill Blöndal varði titil sinn frá 2020 og sigraði sinn flokk með nokkrum yfirburðum en það vakti athygli að ungur maður aðeins 16 ára áður nefndur Böðvar náði öðru sæti í sama flokki, glæsilegur árangur.

Hrafn Arnarsson barðist um Íslandsmeistaratitilinn í -100 kg flokki en varð að jata sig sigraðan í þetta sinn fyrir Matthíasi Stefánssyni úr ÍR.

Breki Bernhardsson sem keppti í -81 kg flokki, sem var

mjög sterkur þetta árið, en Breka tókst eigi að síður að ná þriðja sæti. Breki í góðu formi.

Sama má segja um -73 kg flokkinn, hann var einnig mjög sterkur þetta árið, og þar keppti Jakub Tomczyk. Vakti Jakub mikla athygli fyrir frammistöðu sína í viðureign sinni við Zaza Simonishvili og tókst Jakub að ná þriðja sæti í sínum þyngdarflokki en hann er aðeins 16 ára.

Er álit margra að Jakub sé einn efnilegast júdómaður landsins. -Umf. Selfoss/bp

1. deild karla í körfubolta

SELFLOSS - HAMAR

Fimmtudaginn 27. apríl kl. 19:15
Gjain, íþróttahús Vallaskóla

Verð 1.500 kr.
Miðasala í gegnum Stubb-appið



JÁVERK-VÖLLURINN



FIMMTUDAGINN
KL. 19:15



JÁVERK-VÖLLURINN

LENGJU DEILDIN



FÖSTUDAGINN
KL. 19:15



Tólf stig í hús hjá Selfyssingum

KNATTSPYRNA Selfoss hefur komið sér vel fyrir í toppsæti Pepsi Max-deildarinnar eftir góðan útisigur á Þrótti í seinustu viku.

Stóran hluta fyrri hálfleiks voru stelpurnar yfirvegaðar og þéttar í sínum aðgerðum. Fyrst skoraði Anna María Friðgeirsdóttir á 11. mínútu og Caity Heap bætti við marki á 40. mínútu. Síðustu fimm mínúturnar missti liðið einbeitingu og fékk á sig tvö mörk. Staðan því jöfn í hálfleik.

Stelpurnar byrjuðu seinni hálfleik af miklum krafti og skoraði Brenna Lovera tvö mörk með stuttu millibili, fyrri á 48. mínútu og aftur á 52. mínútu. Selfoss spilaði svo flottan bolta þar til tíu mínútur voru eftir en þá greip um sig smá örvænting, Þróttur



Brenna Lovera skoraði tvö mörk gegn Þrótti. Ljósmynd: UMFS.

minnkaði muninn á 90. mínútu og gerði leikinn spennandi en komust ekki nær og endaði leikurinn því 3-4.

Selfoss er í toppsæti deildarinnar með tólf stig og er næsti leikur í kvöld, fimmtudaginn 27. maí þegar stelpurnar taka á móti Fylki á JÁVERK-vellinum kl. 19:15.

-Umf. Selfoss

Selfyssingar stigalausir úr Laugardalnum

KNATTSPYRNA Það var ekki ferð til fjár þegar Selfoss sótti Þrótt heim í Laugardalinn í Lengjudeildinni á föstudag. Þróttur vann leikinn 3-1 og náði þar með í sín fyrstu stig í sumar. Það var Hrvoye Tokic

sem minnkaði muninn fyrir Selfyssinga á 63. mínútu.

Næsti leikur hjá strákunum er á morgun, föstudag kl. 19:15 þegar liðið tekur á móti Gróttu á JÁVERK-vellinum.

Tveir tapleikir gegn deildarmeisturum Hauka

HANDBOLTI Selfoss lék tvo leiki gegn nýkrýndum deildarmeisturum Hauka í seinustu viku. Haukar höfðu betur í báðum viðureignum, fyrri viðureignin var í 32-liða úrslitum



Einar Sverrisson var markahæstur í báðum leikjum Selfyssinga ásamt Atla Ævari. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SA

Hamar tekur forustuna í Suðurlandsslagnum

KÖRFUBOLTI Hamar og Selfoss mættust á mánudagskvöld í þriðja leik liðanna í undanúrslitum 1. deildar karla um laust sæti í efstu deild. Bæði lið höfðu unnið hvort sinn leikinn í einvíginnu, en vinna þarf þrjá leiki til að komast í úrslitaeinvígið. Hamar hafði undirtökin mest allan leikinn og fór að lokum með sigur af hólmi, 85-74.

Jafnræði var með liðunum framan af 1. leikhluta. Um miðjan leikhlutann skiptu Selfyssingar yfir í svæðisvörn, sem hefur reynst Hamarsmönnum oft og tíðum erfið, en í þetta sinn gekk Hamri ágætlega að finna leiðir í gegnum vörnina og náðu að byggja upp forystu. Staðan í lok leikhlutans var 29-21.

Verulega hægðist á báðum liðum í 2. leikhluta, en liðin voru komin með sitthvora körfuna þegar leikhlutinn var hálfnaður. Yfirbragð liðanna hresstist lítilllega þegar leið á leikhlutann, en staðan í hálfleik var 43-37.

Selfoss byrjaði seinni hálfleikinn af miklum krafti og náðu fljótt forystu, 45-48. Fór þar fremstur í flokki Arnór Bjarki, sem skoraði flottar þriggja stiga körfur ásamt því að koma með troðslu. Ragnar Jósef og Ragnar Magni settu þá tvo þrista fyrir

Hamar með skömmu millibili sem komu Hamarsmönnum aftur á bragðið. Við tók þá meira jafnræði með liðunum út leikhlutann. Staðan við lok 3. leikhluta var 68-62.

Hamarsmenn voru sterkir í upphafi 4. leikhluta og voru fljótt komnir með 10 stiga forustu, 74-64. Lítið var skorað næstu mínútur og var staðan 75-66, þegar tæpar fjórar mínútur lifðu leiks. Virtist þreyta vera farin að segja til sín hjá báðum liðum. Þegar þrjár mínútur voru eftir af leiknum náðu Selfyssingar fjögurra stiga sókn, með þriggja stiga körfu ásamt víti að auki og munurinn skyndilega kominn niður í 5 stig, 75-70. Í næstu sókn Hamars tróð Ruud Lutterman boltanum með miklum látum yfir tvo menn og fékk víti að auki. Virtist það slökkva neistann hjá Selfyssingum og náði leikurinn aldrei að verða spennandi eftir það. Leiknum lauk með sigri Hamars 85-74.

Næsti leikur liðanna er nk. fimmtudagskvöld á Selfossi kl. 19:15. Með sigri þar tryggir Hamar sér sæti í úrslitaeinvíginnu við Vestra. Selfyssingar geta með sigri tryggt oddaleik í einvíginnu sem fer þá fram í Hveragerði nk. sunnudag kl. 19:15.

Coca Cola bikarsins en sú seinni í Ólísdeildinni.

Selfoss tapaði gegn Haukum í Ólísdeildinni á mánudag, 24-35.

Haukar byrjuðu leikinn af miklum krafti og komust í 0-3, það gekk treglega í sóknarleik Selfoss og fyrsta markið kom ekki fyrr en á 9. mínútu. Selfoss jafnaði í 3-3 og var jafnt á öllum tölum þar til staðan var orðin 6-6. Haukarnir gáfu þá hressilega í og stungu Selfyssingana

af og leiddu með sjö mörkum í hálfleik, 9-16. Það sama var uppi á teningnum í seinni hálfleik og varð munurinn fljótt kominn upp í tíu mörk.

Selfoss er í 6. sæti deildarinnar með 24 stig. Síðasti leikur strákana í Ólísdeildinni er í kvöld, fimmtudag kl. 19:30 gegn Gróttu á Nesinu, við hvetjum alla til að mæta og styðja strákana í lokaleik sínum í deildinni og hita upp fyrir úrslitakeppnina sem hefst strax í næstu viku.

Selfoss úr leik í bikarnum

Selfyssingar eru úr leik í Coca Cola-bikarnum eftir 32-24 tap gegn Haukum á útivelli í 32-liða úrslitum keppninnar.

Eftir jafnan fyrri hálfleik reyndust Haukarnir sterkari í seinni hálfleiknum gegn lánlausum Selfyssingum en okkar strákar skoruðu aðeins átta mörk í seinni hálfleik.

-Umf. Selfoss/esó

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Árni Hafstað heyrnarfræðingur hjá Heyrnartækni verður á **Selfossi 8. júní** við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja.



Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | [Heyrnartækni.is](https://www.heyrnartækni.is) | 568 6880

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi

laugardaginn 29. maí 2021

Frambjóðendur í prófkjörinu



Ásmundur Friðriksson



Björgvin Jóhannesson



Eva Björk Harðardóttir



Guðbergur Reynisson



Guðrún Hafsteinsdóttir



Ingvaldur Anna Sigurðardóttir



Jarl Sigurgeirsson



Margeir Vilhjálmsson



Vilhjálmur Árnason

Kjósa skal alls 5 frambjóðendur. Nánari upplýsingar um frambjóðendur má finna á [xd.is](https://www.xd.is)

Kjörstaðir og opnunartími 29. maí

Árborg
Hótel Selfoss
Opíð frá 10:00-18:00

Hveragerði
Sjálfstæðishúsið Mánamörk
Opíð frá 10:00-19:00

Uppsveitir Árnessýslu
Aratunga
Opíð frá 10:00-18:00

Þorlákshöfn
Sjálfstæðishúsið Unubakka 3a
Opíð frá 10:00-19:00

Þátttökurétt eiga allir flokksbundir sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi 15 ára og eldri. Hægt er að ganga í flokkinn rafrænt á [xd.is](https://www.xd.is). Sýnið skilríki á kjörstað. Upplýsingar um kosningu utan kjörfundar o.fl. má finna á: [xd.is/profkjor-i-sudurkjordaemi/](https://www.xd.is/profkjor-i-sudurkjordaemi/)



Það var góð stemning á áhorfendapöllum. Mynd: Dagskráin/BRV

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944 - SELFOS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS

Gosmóða sýnileg í síðustu viku

Í síðustu viku lá gráblá móða víða yfir Suður- og Vesturlandi. Þetta er gosmóða frá eldgosinu á Reykjaneskaga. Gosmóðan er samsett úr brennisteinsögnnum (SO₄) sem hafa orðið til vegna efnahvarfa gosmakkarins við súrefni andrúmsloftsins. Þessar brennisteinsagnir mælast ekki á SO₂ gasmælum en sjást hins vegar sem gráblá móða þegar ákveðnum styrk er náð. Hækkun á örfínu svifryki (PM₁) getur verið vísbending um að SO₄ sé til staðar. Mælistöðvar sem mæla örfínt svifryk (PM₁) eru við Vesturbæjarlaug, við Bústaðaveg í Reykjavík, við Dalsmára í Kópavogi og á Keflavíkurflugvelli.

Það er háð veðurastæðum hvort gosmóða er til staðar eða ekki, þar sem það tekur tíma fyrir hana að myndast. Sem dæmi má nefna að í ákveðinni suðvestanált berst gasmengun til höfuðborgarsvæðisins á minna en einni klukkustund og er það ekki nægur tími til að mynda gosmóðu. Aftur á móti í hægri breytilegri átt er hugsanlegt að það taki gosefni einhverja klukkutíma, jafnvel daga, að berast þessa vegalengd. Hraði efnahvarfsins er háður ýmsum umhverfispáttum, m.a. sólgeislun og loftþita þann-



ig að hvarfið gengur hraðar fyrir sig að sumri til heldur en í myrkri og kulda að vetri til.

Mikilvægt að vera á varðbergi þegar gosmóða er sýnileg

Yfir hvítasunnuhelgina var spáð hægri breytilegri átt suðvestanlands, einkum á sunnudag og mánudag, og viðbúið að gosefni dreifist þá víða um sunnan- og vestanvert landið. Rétt er að benda á að við slíkar veðurastæður eru spár um gasmengun ekki eins áreiðanlegar og þegar vindur er ákveðnari. Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og sóttvarnalæknis um viðbrögð við loftmengun

frá eldgosum, sem sjá má inni á loftgaedi.is, er ekki ráðlagt að láta ungbörn sofa úti í vagni þegar styrkur SO₂ fer yfir 20 µg/m³. Þegar gosmóða er mjög sýnileg og skyggni skert er heldur ekki hægt að mæla með því að ungbörn sofi úti í vagni, jafnvel þótt gildi SO₂ séu lægri. Mjög viðkvæmir einstaklingar, t.d. fólk með slæman astma eða aðra lungnasjúkdóma, geta líka fundið fyrir heilsufarsáhrifum ef gosmóða er greinileg, jafnvel þótt SO₂ mælist ekki hátt. Eins er rétt að sýna varúð við íþróttakun utandyra, því við áreynslu getur öndun verið 3 til 5 falt meiri en venjulega.

PG VERK
Traustur byggingaraðili síðan 1998

PG verk óskar eftir að ráða starfsmenn við verkefni fyrirtækisins á Selfossi.

Við leitum að:

- Almennum verkamönnum
- Verkamönnum með vinnuvélaréttindi / lyftarapróf
- Smíðum

Tekið er á móti umsóknum í gegnum síðuna okkar:

<https://tgverk.is/starfsumsokn>

Einnig er hægt að hafa beint samband við Skúla í síma 824-8450

www.tgverk.is



STARF Í TÆKNIDEILD SS Á SELFOSSI



Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og tæknideild félagsins á Selfossi. Við leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að bæta í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað.

Starfslýsing:

- Almennt viðhald á búnaði og húsnæði starfsstöðvarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélstjóri/Vélvirki eða reynsla af vinnu við kæli- og frystikerfi eða rafvirkjamenntun
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund

Áhugasamir sækja um starfið á Alfred.is eða heimasíðu félagsins www.ss.is fyrir 1. júní næstkomandi. Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í síma 488 8202.

ÚTBOD

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:

„Suðurrhólar – Gatnagerð og lagnir“



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Verkið felur í sér gerð götunnar Suðurrhólar frá Austurrhólum að Gaulverjabæjarvegi. Jarðvegskipta skal götustæðið, leggja styrktarlag, burðarlag og malbika götuna. Einnig skal setja upp ljósastaura og leggja ljósastaurastreng. Að auki skal leggja fráveitu, vatnsveitu, fjarskiptarör og hitaveitu gegnum Austurrhóla.

Helstu magntölur eru:

Gröftur 10.000 m³
Styrktarlag 13.200 m³
Malbik 4.000 m³
Fráveita 40 m
Vatnsveita 20 m
DN 250 hitaveitulögn 20 m
Uppsetning á ljósastaurum 11 stk

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2021.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender#/tender/edit/615894dd-8156-437d-a2c6-12c510fdcc4/0>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00 miðvikudaginn 9. júní 2021.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opnaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



Nýr frístundavefur Árborgar kominn í loftið

Opnaður hefur verið nýr frístundavefur fyrir Sveitarfélagið Árborg. Vefurinn kemur í stað hins svokallaða „Sumarbæklings“ sem hefur verið gefinn út undanfarin ár.

Hægt er að komast inn á vefinn með því að setja inn eftirfarandi slóð: fristundir.arborg.is.

Inn á vefnum eru allar helstu upplýsingar um námskeið og afþreyingu í sveitarfélaginu og nágrenni þess í sumar en markmiðið er að vefurinn muni í framhaldinu birta upplýsingar um flest allt frístundastarf og afþreyingarmöguleika í sveitarfélaginu allt árið fyrir alla aldurshópa. Íbúar ættu því að geta fundið allar upplýsingar á einum stað.

Undir hverju námskeiði eru upplýsingar um hvernig sé hægt að nálgast nánari upplýsingar og skrá sig á námskeiðið.

Ef þú ert með námskeið í gangi þá endilega



sendu inn upplýsingar svo hægt sé að bæta þeim við inn á frístundavef Árborgar. Upplýsingar skal senda á gunnars@arborg.is.

Hreyfum okkur daglega

Börn og unglingar ættu að hreyfa sig minnst 60 mínútur daglega. Hreyfingin ætti að vera bæði miðlungserfið og erfið og heildartímanum má skipta í nokkur styttri tímabil yfir daginn, t.d. 10-15 mínútur í senn. Æskilegt er að hafa fjölbreytni og gleði að leiðarljósi.



Ályktun bæjarráðs Svf. Árborgar um Garðyrkjuskóla á Reykjum

Bæjarráð Árborgar ályktaði, á 113. fundi sínum þann 6. maí síðastliðinn, í þá veru að Garðyrkjuskóli á Reykjum í Ölfusi, sem menntastofnun með stjórn og sjálfstæðan fjárhag, sé grundvöllur þess að ná sem bestum árangri í þróun náms og nýsköpunar á sviði ræktunar og tengdrar matvælaframleiðslu.

Ályktun bæjarráðs er gerð að undangengnu samráði við ýmsa aðila sem hagsmuna gæta í þessu málum, s.s. garðyrkjubændur og starfsfólk garðyrkjuskólans auk aðila í menntamálum. Einnig er horft til ályktana sem önnur sveitarfélög hafa gert og viðbragða skólastjóra FSu í því sambandi. Bæjarráð er með ályktun sinni ekki að mótmæla aðkomu FSu eða annarra menntastofnana

á því námi sem færi fram undir merkjum Garðyrkjuskóla á Reykjum. FSu hefur leyst sín verkefni afbragðsvel af hendi og er vel treystandi til að tryggja faglega útfærslu námsáfangna í starfs- og bóknámi og sjá um framkvæmd þeirra.

Hinsvegar væri sjálfstæð stofnun um garðyrkjuskóla, að mati bæjarráðs, mun betur til þess fallin að hafa heildarumsjón með umgjörð og þróun náms og nýsköpunar, í samstarfi við alla hagsmunaaðila. Ýmsar menntastofnanir, bæði á framhalds- og háskólastigi gætu komið að námi og nýsköpun á vegum sjálfstæðs garðyrkjuskóla. Sú aðkoma getur verið með ýmsum hætti, t.d. í formi vottunar, skipulags eða framkvæmdar áfangna. Þannig væri ekki verið að takmarka á nokk-

urn hátt möguleika þróunar í þágu matvælaframleiðslu og annarrar ræktunar.

Upphaf bókonar bæjarráðs: „Sveitarfélagið Árborg leggur hart að menntamálaráðherra og ríkisstjórn Íslands að starfrækja Garðyrkjuskóla á Reykjum sem sérstaka menntastofnun með sjálfstæðan fjárhag og stjórn. Með því myndu stjórnvöld sýna myndugleik og framsýni í mállefnum garðyrkju á Íslandi. Sérstaka garðyrkjunnar og tækifæri henni tengd krefjast þess. Krafa samtímans um styrkingu iðn- og starfsnáms hlýtur að vera ráðamönnum leiðarljós á þessari ögurstundu Garðyrkjuskólans á Reykjum. Hvergi er betri jarðvegur en hjá fagfólki skólans á Reykjum til þess að byggja upp og efla starfsnám á sviði garðyrkju.“



Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina

Undirbúningur fyrir Unglingalandsmót UMFÍ er í fullum gangi en það fer fram á Selfossi dagana 29. júlí til 1. ágúst nk. Unglingalandsmótið er víðulaus íþrótt- og fjölskylduhátið þar sem börn og ungmenni frá 11-18 ára taka þátt í fjölmörgum íþróttgreinum. Að þessu sinni verður 19 ára heimilt að taka þátt í mótinu í ljósi þess að Unglingalandsmótinu var frestað á síðasta ári.

Boðið verður upp á 24 stórskemmtilegar greinar. Þar á meðal eru knattspyrna, körfubolti og frjálsar íþróttir en líka aðrar nýlegri eins og strandhandbolta og strandblak sem hafa slegið í gegn. Þá er hægt að skrá sig í hlaupaskotfimi (biathlon), bogfimi, borðtennis, golf og glímu, kökuskreytingar, rafíþróttir og margar fleiri. Fatlaðir geta, eins og á fyrri mótum, tekið þátt í fjölda greina. Öll kvöld verða tónleikar með vinsælasta tónlistarfólki ungu kynslóðarinnar ásamt því sem upprennandi tónlistarfólk og

hljómsveitir frá Suðurlandi stíga á stókk.

Búast má við fjölda gesta á Selfossvæðið í tengslum við hátiðina og eru fyrirtæki á svæðinu hvött til að gera ráð fyrir því í sínum undirbúningi fyrir sumarið. Þúsundir barna og fjölskyldur þeirra taka þátt á mótnum á hverju ári og á sama tíma er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Sveitarfélagið Árborg er stoltur samstarfsaðili hátiðarinnar og leggur til afnot af íþróttamannvirkjum, svæði og aðstöðu undir tjaldsvæði, aðstoð þjónustumiðstöðvar, ýmsa afþreyingu og fleira til að hátiðin sé sem vegglegust. Verið er að útbúa risastórt tjaldsvæði við Suðrhóla, í útjaðri bæjarins, fyrir þátttakendur af öllu landinu. Svæðið er í göngufæri við mótssvæðið. Til að skapa sanna stemningu og gæta öryggis þátttakenda og mótsgesta verður einhverjum götum lokað í tengslum við viðburði.

Ráðningum lokið í Stekkjaskóla og heimasíða opnuð

Undirbúningur Stekkjaskóla gengur vel. Um daginn var heimasíða skólans opnuð og er veffangið www.stekkjaskoli.is.

Þar eru settar inn helstu fréttir af gangi mála og birt valin bréf sem send eru á forráðamenn. Búið er að ráða alla starfsmenn og eru skólastjórnendur mjög ánægðir með hópinn.

Hildur Björgmundsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri stoðþjónustu og nöfn annarra starfsmanna má sjá á heimasíðunni.

ÞG-verktakar er byrjað að slá upp fyrir grunni stóra skólans og var fyrsta steypuvinnan í vikunni. Smíði færarlegu kennslustofanna er í fullum gangi og



Hilmar Björgvinsson skólastjóri og Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri

styttist í að fyrstu húsin verði flutt á skólalóðina. Í bréfi sem skólastjórnendur sendu forráðamönnum í lok apríl var m.a. farið yfir bygginga- og lóðamál og hvernig tryggja á gott og öruggt aðgengi að skólanum í skólabyrjun.

Miðvikudaginn 2. júní og mánudaginn 7. júní munu skólastjórnendur ásamt forstöðumanni frístundar vera með skólakynningar fyrir forráðamenn barna sem munu sækja Stekkjaskóla næsta haust. Nánari upplýsingar um fundina verða sendar heim til foreldra og settar á vefsíðu skólans og sveitarfélagsins.

SUMARSTARF - HELGARSTARF

Við leitum að öflugum liðsauka í verslun okkar á Selfossi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi framúrskarandi þjónustulund og setji viðskiptavinum í fyrsta sæti. Íslenskukunnátta er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Almenn sölustörf / Almenn lagerstörf
Áfyllingar og útstillingar
Annað tilfallandi

Menntunar- og hæfniskröfur:

Reynsla af verslunarstörfum og/eða lagerstörfum er æskileg
Sjálfstæði í starfi og geta til að vinna í hóp
Framúrskarandi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
Jákvæðni og snyrtimennska

Laun eru skv. kjarasamningum VR
Umsóknir skulu sendar á mannaudur@rfl.is



Framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands ehf. óskar að ráða framkvæmdastjóra til að stýra metnaðarfullu starfi félagsins, í samræmi við framtíðarsýn, gildi og verkefnastefnu þess. Í boði er krefjandi og um leið gefandi starf og tækifæri til að hafa áhrif á mennta- og atvinnustefnu Suðurlands.

Helstu verkefni:

Útvega og vinna verkefni sem falla að stefnu félagsins í samvinnu við stjórn og starfsmenn
Daglegur rekstur félagsins, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
Tengsl við eigendur félagsins, helstu hagsmunaaðila og stjórnvöld
Kynna og markaðssetja félagið ásamt starfsmönnum og stjórn
Leiða teymisvinnu verkefna ásamt starfsmönnum félagsins

Hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Leiðtogahæfni
Rekstrar- og stjórnunarreynsla
Reynsla af verkefnastjórn
Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni og lausnamiðað verklag
Frumkvæði og hugmyndaauðgi
Reynsla af kynningar- og markaðsmálum í fjölbreyttum miðlum
Tengsl og þekking á atvinnu- og menningarlífi Suðurlands æskileg
Reynsla af alþjóðlegum verkefnum æskileg

Háskólafélag Suðurlands ehf. er framsækið félag í eigu Sunnlendinga. Markmið félagsins er að auka búsetugæði á Suðurlandi með því að miðla og styrkja háskólastarf í fjórðungnum og tengja rannsóknir háskóla og stofnana við atvinnulíf og nýsköpun á svæðinu. Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu þess, www.hfsu.is

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Aðalsteinsson, formaður stjórnar Háskólafélagsins, sveinn@hfsu.is sem jafnframt tekur við umsóknum á sama netfang. Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.

Kristín er dúx FSu



Kristín Ólafsdóttir er dúx FSu á vorönn 2021. 101 nemandi brautskráðist laugardaginn 22. maí, í óhefðbundinni brautskráningu. Vegna samkomutakmarkana var brottfarendum skipt niður í tvo hópa og tvær athafnir fóru fram kl. 11 og kl. 13:30. Báðum athöfnum var streymt á netinu.

Kristín Ólafsdóttir, Lýdía Líf Aronsdóttir og Guðný Von Jóhannesdóttir hlutu viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu.

Kristín hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og dönsku. Lýdía Líf hlaut að auki viðurkenningar fyrir afbrigðs árangur í félagsgreinum, ensku, íslensku og stærðfræði. Guðný Von hlaut að auki viðurkenningar fyrir góðan árangur í erlendum tungumálum, íslensku og sögu.

Gígja Marín Þorsteinsdóttir hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi. Gígja hlaut einnig viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu félagslífs skólans.

Sveinn Bergsson hlaut

viðurkenningu fyrir metnað og frábæran árangur í vélvirkjagreinum. Jón Ingi Guðfinnsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum. Arney Ólöf Arnardóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur á hestalínu. Kristrún Júlía Halldórsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í hönnun og textíl. Elísabet Erla Birgisdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í matreiðslu. Oliver Gabriel Figlarski hlaut viðurkenningar fyrir frábæran árangur í náttúrufræðigreinum og stærðfræði. Sigurbjörg Steinarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði. Brynjar Gísli Stefánsón hlaut viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur í húsa-smíði. Kristófer Agnarsson hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi áhuga og dugnað í hönnun, textíl og trésmíði.

Á myndinni eru þær Guðný Von Jóhannesdóttir, Lýdía Líf Aronsdóttir og Kristín Ólafsdóttir ásamt skólameistara.

Nemendur ML vinna til verðlauna

YRE (Young Reporters on the Environment) eða Ungt umhverfisfréttafólk er alþjóðleg keppni sem eflir nemendur í að kynna sér umhverfismál með gagnrýnum hætti og miðla þeim upplýsingum áfram til almennings. Landvernd heldur utan um verkefnið hér á landi og leggur áherslu á að verkefnið tengist umhverfismálum og tvinni það saman við Heims-markmið Sameinuðu þjóðanna.

Í umhverfis- og vistfræðis- áfanganum hjá 1. bekk var nemendum gefið tækifæri til að finna sinn miðil og sitt málefni til að rannsaka og miðla áfram. Einn hópur í áfanganum hlaut verðlaun fyrir sitt framlag í keppnina. Í hópnum eru: Helga



Laufey, Hjörtur Snær, Jóna Kristín, Lingný Lára og Sesselja og óskum við þeim innilega til hamingju með árangurinn.

Því miður vantar Hjört Snæ á myndirnar þar sem hann komst ekki með til Reykjavíkur.

SSON vann silfur á Íslandsmóti skákfélaga



Frá vinstri: Alexander Donchenko, Anton Demchenko, Oddgeir Ágúst Ottesen, Elvar Már Sigurðsson, Þorsteinn Magnússon, Björgvin Smári Guðmundsson, Bragi Þorfinnsson og Róbert Lagerman. Af þeim sem tefldu í síðari hlutanum vantar á myndina Arnar Gunnarsson og Magnús Matthíasson. Ljósmynd: Kristján Örn Elíasson.

Íslandsmóti skákfélaga (deilda-keppninni) sem hófst haustið 2019 lauk loks helgina 14.–16. maí síðastliðinn. A-sveit Skákfélags Selfoss og nágrennis (SSON) hafnaði í 2. sæti eftir harða baráttu um efstu sætin við A-sveitir Víkingaklúbbsins og Hugins. Víkingaklúbburinn sigraði með 53 vinninga eftir 9 umferðir (á 8 borðum), sveit SSON hlaut 48 vinninga og sveit Hugins 46,5 vinninga. Þetta er í fyrsta sinn í rúmlega 30 ára sögu SSON sem félagið vinnur til verðlauna á mótinu.

Um helgina tefldu fyrir sveit SSON þýsk-rússneski stórmeistarinn Alexander Donchenko (2660), rússneski stórmeistarinn Anton Demchenko (2599), Bragi Þorfinnsson stórmeistari (2432), alþjóðlegi meistarinn Arnar Gunnarsson (2420), Róbert Lagerman FIDE meistari (2298), Björgvin Smári Guðmundsson (1964), Oddgeir Ágúst Ottesen (1765), Elvar Már Sigurðsson (1737), Magnús Matthíasson (1694) og Þorsteinn Magnússon (1629). Í fyrri hlutanum tefldu að auki rússneski stórmeistarinn Mikhail Antipov (2609), rússneski alþjóðlegi

meistarinn Semyon Lomasov (2525), Henrik Danielsen stórmeistari (2516), alþjóðlegi meistarinn Dagur Arngrímsson (2383) og rússneski FIDE-meistarinn Artem Galaktionov (2333). Oddgeir Ágúst Ottesen sá um skipulagningu og liðsstjórn af hálfu félagsins.

Íslandsmót skákfélaga er sveitakeppni þar sem fram til þessa hefur verið teflt á 8 borðum í 1. deild, skipaðri 10 sveitum, en 6 borðum í 2., 3. og 4. deild. Keppnin hefur að jafnaði farið fram í tveimur hlutum, þeim fyrri að hausti og þeim síðari að vori. Vegna heimsfaraldurs Covid-19 var síðari hluta þessa móts ítrekað frestað og síðari hluta keppni í 3. og 4. deild var að lokum aflýst og staðan að loknum fyrri hlutanum látin gilda sem lokastaða. SSON var með fjórar sveitir í 4. deild og var B-sveit félagsins efst í deildinni þegar keppni var hætt og vann sér því sæti í 3. deild. Í haust hefst keppni í nýrri 6 liða úrvalsdeild. Með árangri sínum um helgina tryggði A-sveit SSON sér sæti í henni og jafnframt keppnisrétt í Evrópukeppni skákfélaga.

Skákmót skákskólans í Fischersetrinu



Sunnudaginn 25. apríl sl. var síðasti kennsludagur skák-kennslu grunnskólabarna í Fischersetri. Þetta var síðasti tíminn af 8 skipta námskeiði sem byrjaði í febrúar sl. og var í umsjón Helga Ólafssonar stórmeistara og skólastjóra Skák-skóla Íslands og Skákfélags Selfoss og nágrennis (SSON). Um 20 krakkar tóku þátt í námskeiðinu og í síðustu kennslustundinni

var haldið skákmót. Úrslit skákmótsins urðu þau að Þórður Már Steinarsson og Grímur Ólafsson urðu efstir og jafnir með 6 v. hvor. Til að úrskurða það hvor þeirra yrði í fyrsta sæti tefldu þeir bráðabana og fór það þannig að eftir hetjulega baráttu þá vann Grímur í lokin. Þannig varð Grímur í fyrsta sæti, Þórður Már í 2. sæti og Magnús Tryggvi Birgisson í þriðja sæti með 5 v.

6000 gildar umsóknir um 53 lóðir í Bjarkarlandi á Selfossi



Nú er lokið yfirferð á nærri 10.000 umsóknnum sem bárust í 53 lóðir í Bjarkarlandi. Eftir yfirferðina teljast um 6.000 umsóknir vera gildar. Stefnt er að því að dregið verði úr umsóknunum á aukafundi skipulags- og byggingarnefndar í lok næstu viku. Við útdráttinn verður notast við rafrænt kerfi sem samþykkt er af Sýslumanninum á Suðurlandi en fulltrúi Sýslumanns verður viðstaddur þegar dregið er úr gildum umsóknnum.

STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Fullt starf:

- Yfirkokkur
- Gestamóttaka
- Næturvörður
- Aðstoð í eldhúsi

Einnig vantar starfsfólk á kvöldin og um helgar

Hjá okkur starfar samheldinn hópur og er starfsandi góður

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til:
Hrafnhildar Steindórsdóttur, aðstoðarhótelstjóra
hs@stracta.is

SUMARSTARF

BÍLSTJÓRI

Mjólkursamsalan á Selfossi óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í mjólkursmölu, dreifingu og millibúaflutninga.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en nánari upplýsingar veitir Björn Magnússon í síma 863 5223, bjornm@ms.is.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is



Aðalfundur Kotstrandarsóknar 2021

Aðalfundur Kotstrandarsóknar verður haldinn í Kotstrandarkirkju fimmtudaginn 3. júní 2021 kl. 20:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt reglum þar um, málefni kirkjunnar rædd og kosið í trúnaðarstöður safnaðarins. Í fundarlok verða kaffiveitingar.

Safnaðarfolk er hvatt til að mæta til fundarins.

Sóknarnefnd Kotstrandarkirkju.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Selfossi



Aðalfundur FEB Selfossi verður haldinn í félagsmiðstöðinni Mörk í Grænumörk 5, Selfossi, fimmtudaginn 3. júní 2021 kl. 14:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Stjórn FEB Selfossi



Aðalfundur Kaupfélags Árneseinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholts 19, á Selfossi þriðjudaginn 15. júní nk. og hefst kl. 14:00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árneseinga

Matur

Heimurinn er á krossgötum. Með núverandi aðferðum við matvælaframleiðslu er gengið of nærri mörgum helstu auðlindum okkar. Nýtingin er ekki sjálfbær á heimsvísu. Því hefur verið spáð að á næstu 40 árum þurfi mannkynið að framleiða jafnmikið af mat og það hefur gert seinustu 8.000 árin. Á sama tíma er þekkt að matvæla-vinnsla er ábyrg fyrir losun um 30% af gróðurhúsalofttegundum (allir einkabílar í heiminum losa um 2%). Við Íslendingar, með okkar miklu hreinu auðlindir, eigum ekki bara tækifæri hvað þetta varðar, okkur ber hreinlega skylda að stíga fast fram.

Ísland hefur í gegnum tíðina haft sterka stöðu hvað varðar matvælaframleiðslu. Þar skipta sjávarútvegur og landbúnaður miklu enda standa þær greinar undir 7% af vergri landsframleiðslu sem er næstum helmingi yfir heimsmeðaltali. Þrátt fyrir það höfum við dregist langt aftur úr hinum Norðurlandabjórðunum hvað varðar sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Við flytjum of stóran hluta þess, sem við neytum, inn með tilheyrandi tjóni fyrir umhverfið. Við ættum að vera útflutningsþjóð en erum innflutningsþjóð.

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa ákveðin skref verið stigin.

Matvælastefnan, sem kynnt var í lok síðasta árs, er mikilvægt stefnumótandi plagg. Framganga íslenska sjávarklasans er þannig að eftir er tekið og víða eigum við fyrirtæki og mannvit sem um munar. Fiskeldi hefur styrkt stöðu sína, sjávarútvegur okkar er einn sá sterkasti í heimi og mjólkurgeirinn hefur hafið sókn í útflutningi bæði á hrávöru og hugviti. Garðyrkja stendur víða sterkt og framþróun í kjótfarmleiðslu hefur tekið kipp. Hvarvetna má sjá sprotana. Meira þarf þó til, eigi árangur að nást.

Ábyrgð stjórnvalda er hér rík. Kjörnir fulltrúar þurfa að skapa þessari mikilvægu grein tækifæri til vaxtar í stað þess að þvælast fyrir góðum verkum með þyngjandi regluverki og álögum. Græn orka fallvatna og jarðvarma skapar okkur sem þjóð einstaka stöðu. Við þurfum að ganga langt lengra í virkjunum til matvælaframleiðslu, verðlag á orku þarf að vera með þeim hætti að virðisaukinn með fullvinnslu sé mögulegur og framleiðendur þurfa að fá orkuna til sín. Við þurfum samhliða að byrja að líta á matvælaframleiðslu sem há-tækni og nýsköpunargrein sem kallar á vel menntað vinnuafli og þekkingu. Fjölga þarf fyrirtækjum, efla hringrásarhagkerfið og fullnýtingu náttúruauðlinda með

Jarl Sigurgeirsson

Frambjóðandi í 4. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandkjördæmi.



skattalegum hvata. Við eigum mörg spor ógengin á þessari leið en hvert spor er okkur mikilvægt og mun skila okkur ávinningi.

Fá ef einhver svæði eiga meiri tækifæri á sviði matvælaframleiðslu en Suðurlandkjördæmi. Landbúnaður er þar einstaklega sterkur, mörg stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtækin eru þar. Þekkingin, mannaúðurinn og auðlindirnar eru hvarvetna í þessu magnaða kjördæmi. Hvergi á landinu er meiri nýtanlegur jarðvarmi, hvergi er aðgengið að fersku vatni meira, landrýmið er mikið, útflutningshafnir einstakar, alþjóðaflugvöllur og lengi má áfram telja.

Ég býð mig fram í prófkjöri Sjálfstæðismanna, meðal annars með það að leiðarljósi að leggja lóð á þá vogarskál að Suðurlandkjördæmi og Ísland allt verði leiðandi aðili í framleiðslu á umhverfisvænum matvælum. Við vitum af tækifærunum og nú er komið að aðgerðum.

Settu saman vinningslið

Þessa dagana drífur fólk að til að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandkjördæmi. Ég hvet íbúa á Suðurlandi til að taka þátt í að móta lista sem getur náð góðum árangri í kosningum til Alþingis í haust. Öflugt lið fólks sem getur unnið saman að frekari uppbyggingu betra samfélags, hjálpað íbúum Suðurlandkjördæmis að nýta þau tækifæri sem gefast í kjördæminu og lagt grunninn að bjartri framtíð unga fólksins okkar.

Ég hef á undanförunum vikum lagt áherslu á mikilvægi þess að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði til að styrkja rekstrargrundvöll þeirra en ekki síður til að veita ungu fólki tækifæri á að spreyta sig á markaði þar sem því er gert kleift að njóta ávaxta dugnaðar síns og hugmyndaauðgi.

Ekkert nema það besta

Þá legg ég mikið upp úr því að fólk sjái sér hag í því að búa utan höfuðborgarsvæðisins en þá verða þættir eins og samgöngur og heilbrigðismál að vera í lagi. Það gengur ekki að öryggi

fólks sé sett í annað sætið hvað rekstur skurðstofa og fæðingarhjálp varðar. Auðvitað á fólk að geta gengið að fyrsta flokks þjónustu í heilbrigðismálum á sínu svæði, og ber þá að líta til þess að fleiri geti tekið þátt í að veita slíka þjónustu, þótt kostnaður sé greiddur af opinberum aðilum. Læknar og hjúkrunarfólk vill líka ólmt búa á landsbyggðinni eins og við hin.

Það eru til lausnir

Umhverfismál ber að taka alvarlega og úrlausnir í þeim efnum er hægt að sækja í smíðju hins frjálsa markaðar, rétt eins og við erum að verða vitni að í bindingu kolefna og betri nýtingu orku í tengslum við ýmsar tækniframfarir. Við þurfum því alls ekki að binda okkur í kláfa risastórra ríkisbattería líkt og lagt hefur verið upp með í frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð. Valdið og valið í því máli á heima hjá fólkinu í landinu og skipulagsmálin hjá sveitarfélögum.

Ég horfi til aukinnar þekkingar á sviði megin atvinnugreina Íslendinga, svo sem í

Björgvin Jóhannesson

Frambjóðandi í 3. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandkjördæmi.



sjávarútvegi, ferðaþjónustu og landbúnaði. Með þekkingu og þróun verða þessar stöðir íslensks hagkerfis grunnur að uppbyggingu í nýsköpun, og eflingu hátækniiðnaðar.

Þitt er valið

Þetta er aðeins fátt eitt af því sem þarf að gera betur þegar málefni kjördæmisins okkar eru annars vegar. Sterkur og fjölbreyttur hópur þingmanna á að vera íbúum kjördæmisins innan handar við að bæta hag okkar allra. Ég er til þjónustu reiðubúinn, hef til þess þekkingu og brennandi áhuga og legg mig fram í bæði vörn og sókn. Hafðu mig í þínu liði – ég bið um þriðja sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna á laugardag.



Eyravegi 25, 800 Selfoss
 482 1944
 selfoss@prentmetoddi.is

Verum fyrirmynd - Tryggjum rétt barna til íþróttaiðkunar

Árið 1907 tóku lög um skóla-skyldu gildi á Íslandi. Samkvæmt ágætri grein Ragnars Þorsteinssonar, fyrrum fræðslustjóra Reykjavíkurborgar, sem kom út í tilefni af 100 ára afmæli laganna var ekki einhugur um útfærsluna í kringum aldamótin. Líklega hefur þó flestum verið ljóst hversu mikilvæg menntun var fyrir íslensk börn og framfarir þjóðarinnar. Mér vitanlega hefur ekki nokkrum Íslendingi dottið í hug að afnema skóla-skyldu né láta sér detta sú fásinna í hug að öll börn ættu ekki að hafa sama rétt til menntunar hér á landi óháð efnahag. Rannsóknir sýna að menntun er ávisun á aukin lífsgæði einstaklinga og samfélaga. Menntun hefur einnig jákvæð áhrif á heilsufar en heilsa okkar er jú eitt það dýrmætasta sem við eigum. En börn þurfa

ekki aðeins menntun. Börn þurfa einnig tækifæri til þess að vera börn og upplifa heiminn í leik og starfi. Börn þurfa virka hreyfingu og þar vegna tækifærin til íþróttaiðkunar þungt. Samkvæmt ÍSÍ má ætla að um 60.000 börn og ungmenni á Íslandi stundi íþróttir en mikilvægi íþróttar er ótvírætt fyrir þroska og heilsu barna auk þess sem forvarnargildi þeirra er staðreynd. Fyrir rúmri öld var það ákvörðun alþingis að leggja grunninn að menntakerfi okkar til framtíðar. Grunnurinn að íþróttastarfi hér á landi hefur fyrir löngu verið lagður með þrotlausri vinnu sjálfboðaliða en upp á vantar að tryggja öllum börnum og ungmennum gjaldfrjálsar íþróttir hér á landi óháð efnahag foreldra og forráðamanna. Það er kominn tími til þess að ríkisvaldið

Jóhann Friðrik Friðriksson
Frambjóðandi í 2. sæti í prófkjöri Framsóknar í Suðurkjördæmi



viðurkenni mikilvægi íþróttastarfs fyrir lýðheilsu í landinu og fjármagni þennan mikilvæga málaflokk til jafns við sveitarstjórnarstigið. Fyrsta skrefið í þá átt væri móttframlag ríkisins með hverju barni sem stundar íþróttir hér á landi. Langtímaplanið væri svo gjaldfrjálsar íþróttir á Íslandi fyrir öll börn og ungmenni upp að lögaldri. Nánari útfærsla færi fram í samstarfi við íþróttahreyfinguna. Arðurinn af fjárfestinguinni væri ómetanlegur til langrar framtíðar.

Á staðnum með fólkinu

Næstkomandi laugardag 29. maí verður prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. Það er mikilvægt að sjálfstæðismenn og stuðningsmenn flokksins og frambjóðenda fjölmenni í prófkjörið og geri það eins glæsilegt og kostur er. Hópur frambjóðenda sem endurspeglar fjölbreytileika kjördæmisins, ungir og reyndir, konur og karlar er í framboði. Fólk sem er tilbúið að leiða lista Sjálfstæðisflokksins til stórsigurs í næstu Alþingiskosningum 25. september nk. Eins og í þingmannsstarfinu hef ég lagt mig fram um að tengjast frambjóðendum í prófkjörinu eins og ég hef tengst íbúum í Suðurkjördæmi þau 9 ár sem ég hef setið á þingi. Ég býð mig fram í 2. sætið á listanum. Ég mun áfram standa á mínu og vera óhræddur að segja mína skoðun.

Það eru margir mér þakklátir fyrir að hafa verið eini þingmaðurinn sem var á móti þátttöku Íslands í viðskiptabanni á Rússland og hafði alvarlegar afleiðingar fyrir útflutning á lambakjöti og fiski til Rússlands. Fyrir að hafa greitt atkvæði á móti Orkupakka III, staðið vaktina í málefnum hælisleitenda og sagt eitt stórt NEI við Miðhálandisþjóðgarði og þora að segja það sem aðrir þora ekki. Á Alþingi hef ég látið atvinnu og velferðarmál mig mestu varða. Mín pólitíska sýn birtist í grundvallargildum Sjálfstæðisflokksins, frelsi einstaklingsins og stétt með stétt. Með auknu frelsi er það líka mikilvægt hlutverk okkar að verja þá sem minna mega sín, fíkla og sjúka. Aðgengi fyrir alla að heilbrigðisþjónustu, fæðingarþjónustu og sjálfsákvörðunarrétt fjölskyldunnar

Ásmundur Friðriksson
Frambjóðandi í 2. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.



hvar sem er á landinu til að hafa val um heilsugæsluþjónustu. Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt vel launuð störf eru forsenda fyrir góðri afkomu heimilanna. Lágir skattar og álögur eru því forsenda blómlegs atvinnulífs og aukins kaupmáttar. Fullveldi landsins byggir á yfirráðum yfir auðlindum þess og við stöndum vörð um afkomu bænda og veljum íslenskt. Ég óska því eftir stuðningi ykkar í 2. sætið og ég verð áfram á staðnum fyrir fólkið.

Ég á erindi við þig

Komið er að því að sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi velji frambjóðendur sína til Alþingis í kosningunum í haust. Nú er tækifæri til að skipa nýja forystusveit með konu fremsta meðal jafningja. Ég hvet flokksfólk til að taka þátt í prófkjörinu á laugardaginn kemur, 29. maí, og vænti stuðnings til að skipa fyrsta sætið á væntanlegum D-lista í kjördæminu. Þetta tækifæri nota ég jafnframt til að þakka fyrir viðtökur, samtöl og kynni af fólki og fyrirtækjum í Suðurkjördæmi undanfarna daga og vikur. Ég er bæði þakklát og auðmjúk yfir hlýju viðmóti og meðbyr sem ég skynja að framboð mitt hafi í prófkjörinu og oddvitasæti framboðslistans þannig skipað í framhaldinu. Við blasa brýn og stór verkefni á ýmsum sviðum í kjördæminu og ekki annað í boði en að takast á við þau. Í hluta kjördæmisins er hlutfall atvinnulausra það hæsta sem mælist á Íslandi og skrifast

að stórum hluta á veirufaraldurinn. Vonir standa hins vegar til að þar sé loksins tekið að birta og að ferðaðþjónustan taki við sér með tilheyrandi áhrifum á atvinnulífið og efnahagslífið. Heilbrigðismál og aðbúnaður aldraðra er sömuleiðis á marga vörum í kjördæminu og skyldi nú engan undra. Eyjamenn spyrja sig til að mynda hvort stjórnvöld hafi gert það ástand viðvarandi að konur þurfi að fara upp á meginlandið til að fæða börn sín með tilheyrandi raski og útgjöldum fyrir fjölskyldurnar? Ástandið á Suðurnesjum er kapituli úf fyrir sig og óþæglegt með öllu. Í Suðurnesjabæ er hvorki heilsugæslustöð né hjúkrunarheimili, í samfélagi um 3.600 íbúa! Á Suðurnesjum eru þúsundir manna skráðir á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu af því eina heilsugæslustöðin í heimabyggð annar ekki nema hluta af þjónustu sem íbúarnir ætlast til að þeir fái og hafa rétt á. Tvennt hef ég verið spurð um

Guðrún Hafsteinsdóttir
Frambjóðandi í 1. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.



nær alls staðar á ferðum mínum um kjördæmið og því sé ég ástæðu til að svara því líka hér og nú. Önnur spurningin varðar aðild að Evrópusambandinu. Ég er á móti inngöngu Íslands í Evrópusambandið og tel ekki að það fari með hagsmunum Íslands. Hin spurningin lýtur að Miðhálandisþjóðgarði. Ég er ekki hlynnt þeim hugmyndum um risastóran Miðhálandisþjóðgarð eins og lagt er upp með í frumvarpi umhverfisráðherra. Ég er stolt af því að tilheyra Suðurkjördæmi og býð mig fram til þjónustu fyrir það og íbúa þess með framboði til forystusætis á framboðslista Sjálfstæðisflokksins. Ég brenn fyrir öflugu Suðurkjördæmi – öflugu Íslandi!

Tryggja þarf fjármögnun sjúkraþyrilu

Í lok ársins 2019 var samþykkt í ríkisstjórn tillaga heilbrigðisráðherra Svandísar Svavarsdóttur um tveggja ára tilrauna-verkefni um notkun sjúkraþyrilu til að styrkja sjúkraflutninga í landinu. Með þyrllunni á að veita bráðveikum og slösuðum sérhæfða þjónustu með sem skjótustum hætti. Bráðaðþjónusta á borð við fæðinga- og skurðþjónustu hefur illu heilli verið skert víðsvegar um landsbyggðina og þörfin á eflingu sjúkraflutninga því rík. Sjúkraflutningum í dreifbýli er í dag að mestu sinnt með sjúkrabílum og að nokkru leyti með sjúkraflugvél og björgunarþyrilum Landhelgisgæslunnar.

Vilhjálmur Árnason
Frambjóðandi í 1. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.



fjölga á landinu. Nú er því lag að reka smiðshöggjö á sjúkraþyrilurverkefnið.

Mun beita mér áfram fyrir verkefninu Sjúkraþyrilurverkefnið hefur verið mér hjartfólgandi í mörg ár og hef ég átt í árangursríku kynningarstarfi og samtali við hagsmunaaðila á borð við sjúkraflutningamenn, yfirlækni bráðaðþjónustu utan spítala, heilbrigðisráðherra, fulltrúa Landhelgisgæslunnar, kjörna fulltrúa sem glímt hafa við skerðingu á heilbrigðisþjónustu í heimabyggð o.fl. Sú þverfaglega vinna hefur borið þann ávöxt að verkefnið er komið á koppinn, en næsta skref er að tryggja að verkefnið verði ofarlega á blaði í næstu fjármálaáætlun ríkisins. Því mun ég beita mér af öllum krafti fyrir enda mikið hagsmunamál fyrir Suðurkjördæmi og landið allt.

Úrgangspjónusta Hveragerðisbær

21120 – Úrgangspjónusta Hveragerðisbær

Ríkiskaup, fyrir hönd Hveragerðisbæjar kt. 650169-4849, óska eftir tilboðum í verkefnið 21120 Úrgangspjónusta Hveragerði - Söfnun og vinnsla úrgangs fyrir heimili, stofnanir og gámastöð.

Verkefnið felst í söfnun, losun og ráðstöfun úrgangs í Hveragerðisbæ. Verktaki skal annast úrgangspjónustu fyrir öll heimili í þéttbýli og dreifbýli, stofnanir bæjarins og þjónustu við gámastöð Hveragerðisbæjar.

Gert er ráð fyrir þriggja (3ja) ára samningi með möguleika á að framlengja samning tvisvar (2) sinnum um eitt (1) ár í senn, þannig að samningstími verði samtals fimm (5) ár.

Nánari upplýsingar er að finna í á www.utbodsvefur.is og útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign.

Leiðbeiningar varðandi útboðskerfið má nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Spörgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

LB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa kl. 11.00. Sr. Egill Hall-
grímsson annast prestsþjónust-
una. Organisti er Jón Bjarnason.

Selfosskirkja
Guðsþjónusta safnaðarins verð-
ur í Laugardælakirkju, sjá aug-
lýsingu.

Laugardælakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 30.
maí kl. 11:00. Aðalsafnaðar-
fundur að lokinni athöfn. Gunnar
Jóhannesson þjónar fyrir altari,
organisti Guðmundur Eiríksson,
almennur safnaðarsöngur.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma og sunnudagaskóli á
sunnudögum kl. 11:00. English
translation available. Bæna-
stundir á þriðjudögum kl. 20.
Allir innilega velkomnir. www.
selfossgospel.is.

Bæjarráð Árborgar klofið í bílastæðamálum

Á 114. fundi bæjarráðs Árborgar óskaði Gunnar Egilsson, D-lista eftir að taka á dagskrá fundarins tilboð frá Sigtúni Þróunarfélagi um leigu eða kauprétt á bílastæðahúsi sem reisa á við Eyraveg á Selfossi. Áður hafði málið verið á dagskrá bæjarráðs þann 18. mars sl. Formaður bæjarráðs lagði til að frestað yrði að taka afstöðu til málsins í ljósi þess að skýrsla VSÓ um greiningu á bílastæðaþörf í miðbæ Selfoss barst ekki fyrir en stutta fyrir fund. Þar af leiðandi hafi bæjarfulltrúum ekki gefist kostur á að kynna sér efni hennar.

Tillaga Gunnars var engu að síður tekin á dagskrá og samþykkt með tveimur atkvæðum þeirra Gunnars Egilssonar og Tómasar Ellerts Tómassonar.

Áhyggjur af aukinni bílastæðaþörf

Tómas Ellert lagði fram bókun þess efnis að hann hefði áhyggjur af aukinni bílastæðaþörf og þeim bílastæðavanda sem í uppbyggingu væri á Selfossi með tilkomu þeirrar auknu starfsemi sem fyrirhuguð sé eða er komin af stað í og við miðbæ Selfoss. „Það er mitt mat eftir



mikla yfirlegu að sú starfsemi muni auka mjög aðsókn íbúa og gesta á miðbæjarsvæðið. Fyrir utan nýjan miðbæ þá er sveitarfélagið í samstarfi við ríkið að fullgera menningarsalinn sem mun taka um 350 manns í sæti og því nauðsynlegt að bæta við bílastæðum eingöngu vegna þess verkefnis. Nú hefur sveitarfélaginu boðist að leigja eða kaupa bílastæði af einkaaðila sem mun mæta þeirri þörf að hluta. Það er mín skoðun að ekki sé hægt að hafna þessu tilboði í ljósi framangreinds.“

Lýsir yfir furðu á málinu

Eggert Valur Guðmundsson sendi frá sér bókun og furðaði sig á því að bæjarfulltrúar D

og M-lista væru tilbúnir til að skuldbinda sveitarfélagið um hundruð milljóna. „...á sama tíma og oddviti D-listans og félagar hans hafa lýst yfir þungum áhyggjum, í fjölmiðlum, af fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins, rekstrarniðurstöðu sem er tilkomin vegna uppbyggingar grunninnviða og kostnaðar vegna aukinnar þjónustu við þann fjölda fólks sem flutt hefur búferlum til sveitarfélagsins. Þátttaka í verkefnum sem hér um ræðir snýr hvorki að uppbyggingu innviða né styrkingu á þjónustu sveitarfélagsins. Auk þess er fjárfestingin hvorki á áætlun þessa né næsta árs, né 3ja ára fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins.“



Atvinnumálastefna Hveragerðisbæjar endurskoðuð

Atvinnumálastefna Hveragerðisbæjar verður endurskoðuð eftir að bæjarstjórn samþykkti að ráðist yrði í það verkefni. Markmiðið er að farið verði yfir framvindu þeirra verkefna sem tilgreind eru í gildandi atvinnustefnu og nýjar áherslur lagðar í takt við þróun samfélagsins og breytingar á ytra umhverfi bæjarfélagsins. Bæjarstjórn fól bæjarráði endurskoðunina en að jafnframt verði leitað til atvinnuráðgjafa SASS um aðstoð við verkið.

Mikill vöxtur hefur einkennt Hveragerðisbæ að undanförnu. Mikil íbúafjöldgun er staðreynd en nú eru íbúar 2.840 en voru 2.384 árið 2015 þegar atvinnu-
málastefnan var samþykkt. Nemur fjöldgun íbúa á þessu tímabili því 19,12%.

„Fyrirtækjum hefur fjölgað og er þar ferðaþjónusta mjög áberandi en bæði veitingahúsum

og gistirýmum hefur fjölgað mjög á síðastliðnum árum. Ekkert lát er á og snemmsumars mun opna nýtt hótél með um 50 gistiherbergi, mathöll á fyrstu hæð þar sem verða 6-8 nýir veitingastaðir ásamt verslunum. Nýbygging við hjúkrunarheimilið er að nálgast útboðsstig og Heilsustofnun NLFÍ hyggur á milljarða uppbyggingu svo fátt eitt sé talið. Allt kallar þetta á afleidd störf sem hefur fjölgað í takt við aukin umsvif í bæjarfélaginu,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

„Með því að endurskoða atvinnu-
málastefnu bæjarfélagsins og fara yfir það sem vel hefur gengið og einnig hitt hvar hægt er að gera betur telur bæjarstjórn að ná megi enn betri árangri í þessum málum til hagsbóta fyrir íbúa og samfélagið allt,“ segir í tilkynningu.

Könnun leiðir í ljós áreiti

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, kynnti á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga helstu niðurstöður könnunar um reynslu sveitarstjórnarfulltrúa af áreiti. Niðurstöðurnar eru hluti af stærri rannsókn, sem dr. Eva Marín Hlynisdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, vinnur að ásamt samstarfsfólki á starfsaðstæðum og viðhorfum kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa.

Niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna að ríflega helmingur sveitarstjórnarfulltrúa (54%) hafi orðið fyrir áreiti eða neikvæðu umtali á yfirstandandi eða síðasta kjörtímabili og var lítill sem enginn munur á milli kynja. Tölurnar sýna að algengast var að þátttakendur höfðu orðið fyrir áreiti á samfélagsmiðlum en einnig var töluvert um áreiti í opinberu rými, t.d. á skemmtunum, í búð, o.s.frv. Allt að 10% höfðu orðið fyrir slíku áreiti á heimilum sínum.

Könnunin beindist að kjörnum fulltrúum bæjar- og sveitarstjórna og var lögð fyrir dagana 16. nóvember til 4. desember 2020. Alls var könnunin send á 466 kjörna fulltrúa og var heildarfjöldi þátttakenda 236. Heildarsvarhlutfall var því um 51%.

Tíu ár frá öskugosi

Þann 21. maí 2021 voru liðin tíu ár frá því að gos hófst í Grímsvötnum. Mikið öskufall fylgdi gosinu. Ári áður var gos á Fimmvörðuhálsi og síðan gaus Eyjafjallajökull og stöðvaði alla umferð um Evrópu og víðar um heiminn. Gosið í Grímsvötnum stóð yfir í viku en það kom mikið magn ösku upp. Það er hryllileg tilhugsun að gosið hefði í tæpa fjórðungi daga eins og Eyjafjallajökull gerði árið áður. Askan olli íbúum Skaftárhrepps miklum áhyggjum, mikil vinna var að þrifa allt innan sem utan og askan hafði áhrif á allt samfélagið næstu daga og sumarið.



Mynd: Erla Þórey Ólafsdóttir.

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps vill minnast atburðarins

Í tilkynningu frá Skaftárhreppi kemur fram að þrátt fyrir að tíminn hafi verið mörgum erfiður langi menningarmálanefnd sveitarfélagsins og Vatnajökulsþjóðgarði að minnast atburðarins með hátíð sem kölluð verður Öskuminningar.

Uppbygging og endurnýjun fangelsisins á Litla Hrauni

Dómsmálaráðherra lagði fram tillögu um endurnýjun og uppbyggingu fangelsisins á Litla-Hrauni á ríkisstjórnarfundum í morgun. Ríkisstjórnin samþykkti að leita leiða til að tryggja fjármögnun aðgerða í fjármálaáætlun 2022-2026. Stefnt er að því að undirbúningur geti hafist nú þegar og framkvæmdum verði að fullu lokið um mitt ár 2023.

Fangelsið á Litla-Hrauni hýsir um helming allra fangelsisrýma í landinu en það uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gera verður til slíkrar starfsemi. Að mati Framkvæmdasýslu ríkisins er kostnaður við nauðsynlegar endurbætur áætlaður um 1,6 milljarður króna. Þessum fjármunum verður varið m.a. til að byggja upp öfluga heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu fyrir fangelsiskerfið í heild og einnig til að lagfæra aðstöðu bæði fanga og fangavarda. Auðveldara verður að skilja að hinar ýmsu deildir fangelsisins og bæta aðbúnað aðstandenda til heimsóknna.

Árin 2019 og 2020 fór fram úttekt nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndarinnar) hér á landi. Gerði nefndin m.a. athugasemdir vegna fangelsisins á Litla-Hrauni. Lutu þær m.a. að því hve illa hefur gengið að stemma stigu við útbreiðslu fíkniefna í fangelsinu. Þá gerði nefndin einnig athugasemdir við að-

gengi að heilbrigðisþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga. Þá hefur Vinnuettirlitið gert athugasemdir við starfsaðstöðu fangavarda og fanga á Litla-Hrauni.

Í kjölfar úttektar CPT nefndarinnar var gerð aðgerðaráætlun um að efla heilbrigðisþjónustu við fanga, skilgreina verklag og ábyrgð í innri starfsemi fangelsanna og vinna að þarfagreiningu til að sporna gegn dreifingu og neyslu vímuefna á Litla-Hrauni. Framkvæmdasýsla ríkisins vann þarfagreininguna ásamt Fangelsismálastofnun. Í dag sinna um 10 til 15 heilbrigðisstarfsmenn föngum fangelsisins. Undanfarin misseri hefur loks náðst góður árangur við uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga með góðri samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og önnur heilbrigðisyrirvöld. Er starfinu sinnt í gömlum aflögðum fangaklefum. Brýnt er að bæta aðbúnað þessarar þýðingarmiklu starfsemi og einnig er aðkallandi að tryggja betur öryggismál fangelsisins og bæta starfsumhverfi fangavarda.

Litla-Hraun er stærsta fangelsi landsins og því eðlilegt að horfa til þess við uppbyggingu á öflugri heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu fyrir fangelsiskerfið. Lengi hefur legið fyrir að húsnæði og aðstaða er ófullnægjandi. Með framkvæmdum þeim sem nú verður ráðist í er stefnt að því að vandamál fangelsisins verði færð í fullnægjandi horf.



Viðburðaríkur vetur í Fab Lab

Fab Lab áfangar hafa nú verið kenndir við FSu í nokkur misseri, bæði á 2. og 3. hæfnisþrepi. Fab Lab kemur af ensku orðunum Fabrication Laboratory, eins konar framleiðslu tilraunastofa eða smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Þar gefst einstakt tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Vel tækjum búin aðstaða til sköpunar

Fab Lab Selfoss er með aðstöðu innan veggja FSu og er afar vel tækjum búin. Fyrir utan mikinn tölvukost má þar finna stóran laserskera, vinylskera, hitapressu, þrívíddarprentara og fræsara. Nemendur læra undirstöðuatriði í notkun á hugbúnaði sem gerir þeim kleift að teikna upp sína hönn-



un og framleiða svo í þessum tækjum og í raun er hugmyndaflugið það eina sem getur stoppað för! Nemendur hafa í vetur framleitt ýmislegt. Þeir hafa hafa teiknað og framleitt fjölbreytta gripi úr plexigleri og timbri, framleidd alls konar límmiða s.s. á tölvurnar sínar, gluggamerkingar og drykkjarbrúsa, merkt textíl s.s. pennaveski, peysur, boli og töskur. Heilt dúkkuhús leit dagsins ljós fullbúið húsgögnum, hólfaskipting í hnífaparaskúffuna og svo mætti lengi telja.

Hljóðfæri Gagnamagnsins að hluta framleidd í Fab Lab á Selfossi

Fab Lab er ekki bara fyrir skóla á svæðinu heldur er einnig opið almenningi til þess að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Nefna má tvö skemmtileg dæmi sem hafa verið gerð nú á vordögum, annars vegar lagði Fab Lab Selfoss hönd á plóg við framleiðslu á „hljóðfærum“ þeim sem Daði og gagnamagnið skarta í Eurovision og hins vegar var farandverðlaunagripur Skjálftans unninn að hluta til í smiðjunni.



ÖLFUS

Grunnskólinn í Þorlákshöfn auglýsir eftir umsjónarkennara á yngsta stig frá og með 1. ágúst 2021



Í skólanum eru um 255 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglar í einkunnarorðum skólans: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er grænfánaskóli og vinnur að innleiðingu uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar ásamt áherslu á teymiskennslu. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálu af miklum metnaði og er húsnæði skólans afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna samkvæmt stefnu skólans og stuðla að velferð nemenda.
- Að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda.
- Að vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum.
- Að stuðla að farsælu samstarfi heimila og skóla.

Hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Faglegur metnaður og skipulagshæfni.
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum og unglingum.

Frekari upplýsingar um starfið: Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (FG). Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2021 og skal umsóknum ásamt ferilskrá skilað í tölvupósti á netfangið olina@olfus.is

Nánari upplýsingar má nálgast hjá skólastjóra Ólínu Þorleifsdóttur, olina@olfus.is sími 861 1732 eða aðstoðarskólastjóra Jónínu Magnúsdóttur, jonina@olfus.is sími 845 0467.

Skólastjórnendur

UMFÍ heldur Unglingalandsmót á Selfossi um verslunarmannahelgina



Mikil spenna fyrir unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður á Selfossi í sumar.

„Það er komin mikil hreyfigleði í fólki á öllum aldri. Við hjá UMFÍ og Sunnlendingar erum á fullu að undirbúa Unglingalandsmót UMFÍ sem verður haldið á Selfossi um næstu verslunarmannahelgi. Eins og þau vita sem hafa komið á mótið okkar þá verður þetta svakalega skemmtilegur viðburður fyrir alla fjölskylduna,“ segir Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ. Mótshaldari er Héraðssambandið Skarphéðinn og sveitarfélagið Árborg. Unglingalandsmót UMFÍ hafa verið haldin frá árinu 1992. Þúsundir barna og fjölskyldur þeirra taka þátt á mótunum á hverju ári. Unglingalandsmótið er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni frá 11-18 ára taka þátt í fjölmörgum íþróttagreinum. Á sama tíma er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Ákveðið hefur verið að 19 ára geti tekið þátt í mótið nú því Unglingalandsmótið var frestað á síðasta ári.

Mót fyrir alla fjölskylduna

Á Selfossi verður boðið upp á 24 stórskemmtilegar greinar. Þar á meðal eru knattspyrna, körfubolti og frjálsar íþróttir en líka aðrar nýlegri eins og strandhandbolta og standblak sem hafa slegið í gegn. Líka er hægt að skrá sig í hlaupaskotfimi (biathlon), bogfimi, borðtennis,

golf og glímu, kökuskreytingar, rafíþróttir og margar fleiri. Fatlaðir geta eins og á fyrri mótum tekið þátt í fjölda greina. Öll kvöld verða tónleikar með vinsælasta tónlistarfólki ungu kynslóðarinnar ásamt því sem upprennandi tónlistarfólk og hljómsveitir frá Suðurlandi stíga á stökk. Búist er við þúsundum mótsgesta á Selfossi um verslunarmannahelgina og er verið að útbúa risastórt tjaldsvæði við Suðurlóka í útjaðri bæjarins fyrir þátttakendur af öllu landinu. Svæðið er í göngufæri við mótssvæðið. Til að skapa sanna stemningu og gæta öryggis þátttakenda og mótsgesta verður ákveðnum götum lokað í kringum nokkra viðburði á Selfossi.

Allir geta hreyft sig

Ómar segir fólki orðið gríðarlega spennu fyrir því að hreyfa sig saman. Öllum mótum og flestum viðburðum UMFÍ var frestað í fyrra vegna kórónuveirufaraldursins. Hann segir stjórn UMFÍ og framkvæmdanefnd Unglingalandsmótsins bjartsýna um mótahald nú í sumar.

„Bólusetning hefur gengið vonum fram og því erum við vongóð um að betur viðri til mótahalds um verslunarmannahelgina þar sem margir mega koma saman. Við vinnum að sjálfsögðu með heilbrigðis- yfirvöldum og gerum allt í samræmi við sóttvarnaðgerðir sem mögulega verða í gildi um

verslunarmannahelgina. En auðvitað metum við aðstæður þegar nær dregur,“ segir Ómar.

Eitt verð fyrir margar greinar

Skráningargjaldi á Unglingalandsmót UMFÍ er stillt í hóf og geta þátttakendur tekið fyrir það þátt í eins mörgum greinum og viðkomandi vill. Allir á aldrinum 11-19 ára geta skráð sig til leiks. Ekki er skilyrði að vera skráður í ungmenna- eða íþróttafélag til að taka þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ. Það eina sem þarf er gleðin sem felst í því að vera með.

Inni í þátttökugjaldinu er gisting á tjaldsvæði mótsgesta en greiða þarf fyrir aðgang að rafmagni.

GRAFA SMÁ?

SMÁGRÖFUR TIL LEIGU
Í GRÍMSNESI OG NÁGRENNI

GROFULEIGA.IS

S. 695 1446

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
d+hbokhald@gmail.com
s. 6933708

FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FRÖST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa- og dýr - Almennar raflagnir

HREINGERNINGA- þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Júlbíll Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

FYLGD

Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 842 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími